

# GESTIR

Leikverk byggt á skáldsögunni *Gestir*  
eftir Kristínu Sigfúsdóttur

Höfundar leikverks  
Árni Blandon og Hallgrímur Hróðmarsson

## Persónur

**Þóra** í Hlíð. Hún er mjög trúuð og allt hennar viðmót einkennist af hlýju og virðingu fyrir lífinu. Hún er vel metin í sveitinni en sveitarrógurinn hlífir henni ekki þegar verst lætur.

**Grímur** er sveitarómagi. Hann er menntamaður og spilar listavel á fíólín. Hann hefur reynt margt á lífsleiðinni en er nú kominn heim í sveitina sína, fárveikur af tæringu. Hann er með staurfót og gengur við staf.

**Jón** bóndi í Hlíð. Hann er bróðir Þóru – atkvæðalítill og ósjálfstæður maður, fyndinn í smæð sinni.

**Margrét** eiginkona Jóns er talsvert yngri en hann. Hún er falleg, myndarleg og ráðrík. Giftist til fjár.

**Jónki** vinnumaður í Hlíð – saklaus sveitastrákur sem grínast á kostnað annarra.

**Elín (Lilla)** eldabuska í Hlíð – fín með sig – þykir lítið til fólksins í sveitinni koma. Fyndin persóna í einfaldleika sínum.

**Vinnupiltur** sem flytur Grím að Hlíð. Hann gasprar um fólkið á bænum.

**Þorkell** oddviti. Hann er ábyrgðarfullur og hefur gott innsæi í mannlegt eðli.

**Þóra yngri** er ung stúlka, sem birtist í frásögn Þóru um ástina.

**Aðkomukona 1** kemur í tímabundna vinnu að Hlíð.

**Aðkomukona 2** kemur sem gestur í Hlíð.

## FORLEIKUR

*Myrkur á sviði. Tónlist: Ó, faðir ger mig blómstur blítt. Ljóskeila upp á Þóru þar sem hún stendur miðsviðs, horfir örlítið upp á við. Hún heldur á lítilli vasabók. Rifjar rólega upp slitrur úr dagbók.*

ÞÓRA

Við hvað ertu hræddur?  
Gamli heigull.  
Eitt ár – eða tvö?  
Kannski syttra.  
Hvað tekur við?  
(*Brosir*). Hvorki gömul eða ung,  
andlitið minnir á sálmabók. (*Tárast*).  
(*Alvarleg*). Skrýfðir lokkar.  
Afturgenging ófreskja.  
Ofsóknir með tárur og bænum.  
Leita í ókunnun landi.  
Dýrasta heimanfylgjan:  
friðarboginn.  
Endurskin  
kærleikans.

*Ljós hægt út.*

## HAUSTMYRKUR

*Kvöld; dauft ljós upp á litla herbergið hennar Þóru (svið til hægri frá leikurum séð). Hún situr og þrjónar. Ljós logar á veggglampa yfir borðinu við rúmið hennar og á borðshorninu liggur bók, sem hún er að lesa, annars hugar. Úti blæs norðanstormur í haustmyrkrinu. Margrét gengur í gegnum miðbaðstofuna með ljós í hendi.*

MARGRÉT

*Rjóð, sælleg og brosandí. Þóra brosir á móti.*

(*Bæn í svip hennar og málrómi*). Komdu inn í hjónaherbergið. Við erum einar vakandi í þessum stóra bæ. Og við látum geim, fullan af myrkri, aðskilja okkur.

ÞÓRA

Það er rétt. Ég ætla að koma. Mér þykir vænt um, að þú komst. Mér hálfleiddist.

*Ljósinn dofna í herbergi Þóru en ljósinn í hjónaherberginu styrkjast. Þær ganga þegjandi gegnum miðbaðstofuna. Í hjónaherberginu er hlýtt og bjart. Ljós logar á stórum hengilampa. Í horninu er heitur steinolíuofn. Á honum stendur kaffikanna og ilmínn af glóðheitu kaffi leggur á móti þeim. Undir stafnglugganum er stórt borð og stóll til hvorrar hliðar, en fram með veggjunum eru tvö rúm*

MARGRÉT

*Tekur bollapör, sykur og rjóma út úr skáp og setur á borðið.*

Nú skulum við gera okkur gott af kaffinu.

PÓRA

Maður gleymir því, hvað veðrið er vont, yfir þessu indæla kaffi.

MARGRÉT

Já, og af því að hafa einhvern til þess að njóta þess með sér.

PÓRA

*Rennir brosandí í bollann sinn.*

„Öll hamingja er tvöföld, er hljóta tveir“, segir skáldið.

MARGRÉT

*Margrét tekur við könnunni.*

Já, það er einmitt. Mér hefði verið ómögulegt að kingja kaffi hérna ein, hvað þá að hafa ánægju af því. Þess vegna sótti ég þig. Ég skal segja þér hreinskilningslega, að ég var reglulega myrkfælin hérna í glaða ljósbirtunni.

PÓRA

Myrkfælin?

MARGRÉT

Já, hrædd. Ég er annars sjaldan hrædd og ekkert hjartveik eða ímyndunargjörn. – En það greip mig einhver geigur – hugboð um eitthvað yfirvofandi. Þegar regnið lamdi í gluggann, fannst mér eins og léttum fingrum væri drepíð á rúðurnar, og ég hafði ekki hug til að lyfta blæjunni frá og líta út, því að mér fannst, að ég myndi sjá náfölt og afmyndað andlit, sem bæði um húsaskjól. Þá fór ég og sótti þig, og svo mikill var geigurinn, að ég þorði ekki ljóslaust gegnum baðstofuna.

*Fögnuðurinn í huga þóru minnkar. Þær drekka þegjandi úr bollunum.*

Góða, Þóra, fáðu þér nú aftur í bollann.

PÓRA

Nei, ég drekk ekki meira á þessum tíma.

MARGRÉT

Er það ekki gott?

PÓRA

Jú, ágætt. En svona undir svefninn – .

MARGRÉT

Nú, jæja, þá drekk ég „sóló“.

*Þóra fer að athuga prjónana sína nákvæmlega. Margrét hellir að nýju í bollann sinn og drekkur. Þær fjarlægjast hvor aðra.*

(*Alúðleg*). Ekki veit ég, hvernig ég hefði farið að, ef þú hefðir gift þig. Það var skrítið, að þú skyldir aldrei gifta þig. Þú áttir þó víst kost á því oftast en einu sinni.

PÓRA

(*Roðnar*). Það getur vel verið. – En ég held það sé nú betra að vera ógiftur, en að giftast þeim, sem maður getur ekki reynst eins og vera ber.

MARGRÉT

(*Kafroðnar*). Það hefði nú líklega verið hætta á því með þig, þú ert svo stillt og geðgóð. En þú hefur máski haft hug á einhverjum öðrum en þeim sem þú gast fengið, og þá er víst betra að vera laus.

ÞÓRA

*Lætur eins og hún sé að telja lykkjurnar. Brosir, en er ekki laus við gremju.*

Þó að ég færi að segja fólki frá því, hvers vegna ég gifti mig ekki, þá býst ég ekki við, að menn myndu skilja mig. Þess vegna hef ég aldrei sagt það nokkrum manni, og geri það líklega ekki framvegis.

MARGRÉT

*Svipurinn þyngri og rómurinn hærri en áður.*

Mér kemur ekki til hugar að neyða þig til að sýna mér trúnað.

*Þögn um stund. Margrét fer að draga í göt á sokkaplöggum, lítur ekki upp og keppist við. Allur innileiki er strokinn burt. Óviðfelldin þögn.*

ÞÓRA

*(Eins og út í loftið). Aumingja Jón, að vera á ferð í þessu veðri.*

MARGRÉT

*(Brýnir röddina). Eins og nokkur væri að biðja hann að fara á þennan fund. – En Jón keppir nú ævinlega mest eftir að gera það, sem engum er þægð í.*

ÞÓRA

*(Lágt og hlýtt). Oddvitanum er þægð í, að menn sæki fundina, ekki síst þegar einhver vand-ræðamál eru á ferðinni.*

MARGRÉT

En mér var þægð í, að hann væri heima í dag, þegar maðurinn var í göngunum, og heimilið er fólkslaust, eins og hann veit.

*Gremja þóru vex á ný en hún svarar Margréti engu. Enn þögn nokkra stund.*

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vildi að þessi aumingja maður fengi góðan stað. En ég sé ekki hvar það gæti verið.

*Þunglamalegt fótatak heyrir.*

ÞÓRA

Það er Jón, auminginn.

*Margrét sprettur á fætur. Jón er rennvotur og skjálfandi af kulda; fötin falla þétt að líkama hans; vatnið drýpur úr þeim. Hann sýnist afar smávaxinn.*

JÓN

*(Lágt og veiklulega). Komið þið sælar.*

MARGRÉT

*(Ekki óþýðlega). Fleygðu af þér utanyfirfötunum og komdu inn í hlýjuna.*

JÓN

Ég er svo loppinn, að ég kemst ekki einn úr þeim.

MARGRÉT

*(Hálfönug). Ósköp eru að sjá þig, maður. Ég held þér hefði verið betra að vera heima með minna.*

*Hún sviptir af honum húfunni, vettlingunum og hálsnetinu og fleygir því á stólinn. Síðan klæðir hún hann úr utanyfirtreyjunni, meðan hann stendur, hógvæer og auðmjúkur, í sömu*

*sporum. Síðast lætur hún hann setjast á rúmið hans Jónka, og þar dregur af honum stígvélin og reiðbuxurnar. Að því búnu kemur Jón inn í hjónahúsið nokkurn veginn þurr og sest í stólinn gagnvart systur sinni.*

MARGRÉT

Nú skaltu fá þér brennheitt kaffi meðan ég sæki matinn þinn.

*Hellir í bollann handa honum; gengur fram. Þóru verður starsýnt á bróður sinn. Hann er að verða eins og viljalaust barn. Jón sötrar kaffið og mælir ekki orð.*

ÞÓRA

*(Innileg og klökk).* Er þér nú að hlýna, bróðir minn?

JÓN

*Lítur til hennar snöggvast.*

Já, heldur.

ÞÓRA

*Henni sýnast tár í augum hans. Vill ekki að hann sjái að hún vorkenni honum.*  
*(Blátt áfram).* Ekkert að fréttu?

JÓN

Nei, ekki það ég man.

ÞÓRA

Honum hefur verið ráðstafað, þessum mannaumingja?

JÓN

Ja-á, auðvitað, – á endanum.

*Það er eins og hann sé að hugsa um að segja eitthvað meira, en hættir við það þegar Margrét kemur inn með ríflega máltíð og setur á borðið.*

MARGRÉT

Hann hefur ekki gengið orðalaust af þessi fundur, eftir tímanum að dæma sem til hans fór.

JÓN

O-nei, hann gekk það nú ekki.

*Augun hvarfla ráðaleysislega milli konu og systur.*

MARGRÉT

Og hver miskunnaði sig nú yfir sjúklinginn?

JÓN

*Leggur frá sér hníf og matfork. Það er eins og bitinn, sem hann er að kingja, sitji fastur í hálsinum.*

*(Ræskir sig).* Þeir aftóku allir að taka hann.

MARGRÉT

*Réttir sig upp, svipstór og mikilúðleg.*

Hafði enginn þá mannslund, að hann vildi taka þennan gustukamann?

JÓN

*Með sigurgleði í svipnum, hallar sér aftur á bak í stólnum og gerir sig svo breiðan sem hann getur.*

Ég tók manninn. Enginn annar vildi gera það.

MARGRÉT

*Hrekkur saman og liggur við andköfum.*

Þú, – tókst þú maðinn Jón, án þess að spyrja mig?

JÓN

*Lækkar í sætinu, augun hvarfla til Þóru.*

Ég – gat ekki annað. – Ég sagði þeim, að ég gæti ekki ráðið því einn – en þeir vildu fá loforðið undir eins. – Hann verður fluttur hingað á næstu dögum.

MARGRÉT

*(Allæst).* Þú tekur tæringarveikan mann á heimilið og minnst ekki á það með einu orði, áður en þú ferð að heiman.

ÞÓRA

*(Lágt og festulega).* Hann hefur ætlað að sýna mannslund með því að taka þennan gustukamann. *(Jón brosir örlítið).*

MARGRÉT

*Virðist ekki heyra það sem Þóra segir.*

Þú hefur ætlað að bæta því við allt annað, sem ég þarf að hugsa og starfa, svona vinnukonulaus, að þjóna sjúklingi og vaka yfir honum, ef hann veikist meira. – Fyrir nú utan alla áhættuna. – Þú vorkennir mér ekki.

*Eftir því sem rödd Margrétar hækkar, sýnist Jón lækka.*

JÓN

*(Lágt og aumingjalega).* Þeir sögðu, að hér væru betri húsakynni til þess en víðast annarsstaðar.

MARGRÉT

Og við eigum að gjalda þess, að við höfum lagt meira í kostnað að laga bæinn en flestir aðrir. Það er býsna sanngjarnt. *(Hlær kuldahlátri).*

JÓN

Þeir sögðu, að hér væri lítið herbergi, þar sem hann gæti verið út af fyrir sig.

MARGRÉT

Herbergið hennar Þóru! Ætlarðu að hrekja hana systur þína úr herberginu, sem hún hefur alltaf búið í?

JÓN

Mér datt í hug, að hún gerði það kannski – rétt í vetur. *(Lítur bænaraugum til Þóru).*

ÞÓRA

Það geri ég auðvitað úr því sem komið er.

MARGRÉT

Ekki hefði mér dottið það í hug. Annað hefði mér fundist hún eiga skilið af okkur en að þurfa að sofa í vinnufólks-baðstofunni, sem bæði er köld og óvistleg.

JÓN

*Ekur sér í sætinu og lítur feimnislega til Margrétar.*

Ég var nú að hugsa um – mér datt það svona í hug – á heimleiðinni, að herbergið hérna er svo stórt – að –

MARGRÉT

Að þú ætlar að setja hér niður þriðja rúmið. En það verður nú ekkert af því. (*Svipur og málrómur gefur ekki von um neina vægð*). Það kemur ekki til nokkurra mála.

ÞÓRA

Ég sef í öðru rúminu við þilið hjá litla herberginu. Þá getur sjúklingurinn gert mér aðvart, ef eitthvað er að, og svo þarf ekki að tala um það frekar. Ég geri mér það að góðu.

MARGRÉT

Það er nú það minnsta, hvernig fólkíð á að sofa, en ég get búist við því, að hér eftir verði hrúgað hingað sjúklingum og vandræðamönnum, úr því bóndinn er svona greiðvikinn að taka þá án þess einu sinni að spyrja konu sína eftir því, hvað henni sýnist.

*Jón lítur enn til Þóru.*

ÞÓRA

(*Brosir*). Þeir vita, að Jón á svo höfðinglynda og gestrisna konu, að hún hefir bæði húsrúm og hjartarúm handa þeim, sem aðrir úthýsa.

JÓN

*Sprettur á fætur með fegins svip.*

Það var nú einmitt það, sem þeir sögðu á fundinum, að þú værir svo gestrisin og góðhjörtuð.

MARGRÉT

(*Svipurinn léttist*). Sögðu þeir það? Þú hefir ekki nefnt það fyrri.

JÓN

Já, það var það sem oddvitinn sagði, og þeir tóku margir í sama strenginn.

MARGRÉT

(*Æsingin er horfin úr röddinni*). Jæja þá. Farðu að borða, Jón. Þú hefur ekki smakkað matinn ennþá.

*Jón sest þegjandi að borðinu og tekur til matar. Þóra stendur upp, nú er henni óhætt að fara; mesti stormurinn er liðinn hjá í þetta sinn. Hún rennir augum yfir herbergið, fyrst til Margrétar og síðan til bróður síns.*

ÞÓRA

Góða nótt.

## **GESTUR**

*Grímur Sveinsson er kominn langleiðina að Hlíð. Bærinn er í auglýn.*

VINNUPILTUR

*Heldur á gamalli rauðmálaðri ferðakistu í sviðsjaðrinum, snýr baki í áhorfendur.*

Ég skil þig þá hér eftir. En þú átt líklega bágð með að komast heim hjálparlaust.

GRÍMUR

*Kemur inn á sviðið. Hann er fögur og þreytulegur og tekur hendinni, sem laus er, oft aftur fyrir bakið. Hann heldur á löngum og mjóum kassa.*

Ég kemst einhverntíma heim að bænum. Þú þarft ekki að bera áhyggjur út af því.



VINNUPILTUR

*Horfir á Grím um stund.*

Þú hefur ekki þolað þennan flutning. Ég hugsaði ekki út í það fyrr en nú.

GRÍMUR

*Hallast fram á stafinn og hvesir á hann augun.*

*(Byrstur).* Hefi ég nokkuð kvartað? *(Í mildari róm).* Þú verður að gera það, sem á þig er lagt. *(Gremjubrosi bregður fyrir á andliti hans).*

VINNUPILTUR

Jæja, þá skil ég farangurinn þinn hérna eftir. Margrét sendir Jónka eftir honum. Ég held hann verði nógu tindilfættur.

GRÍMUR

Jónka? Er það húsbóndinn?

VINNUPILTUR

O-nei, nei. Það er vinnumaðurinn. Hann heitir líka Jón. – Og sumir segja nú, að það verði stundum misgrip á þeim í bænum til og frá. *(Lítur til Gríms og skælir sig í framan).*

GRÍMUR

*Einkennilegum glampa bregður fyrir í augunum og hann lítur til stráksins.*

Andskoti er hann heppinn, þessi strákur.

VINNUPILTUR

Jón bóndi þótti einn af álitlegustu ungu mönnunum í sveitinni. En ekki var það nú vegna glæsileikans eða gáfnanna.

GRÍMUR

Nú.

VINNUPILTUR

Það var vegna auðsins, hann átti að verða bóndinn í Hlíð. Svo krækti vinnukonan, hún Margrét, sér í hann. *(Þögn).*

GRÍMUR

Þetta er stór bær.

VINNUPILTUR

Já, þetta er einhver reisulegasti bærinn í sveitinni.

GRÍMUR

Er fólkið margt?

VINNUPILTUR

O, ekki getur það nú heitið. Hjónin, vinnumaður og kerling.

GRÍMUR

Ekki fleiri á svona stóru heimili?

VINNUPILTUR

Ekki núna. Það hefir kaupafólk, sem kemur á vorin og fer að haustinu. *(Þögn).*

GRÍMUR

Hann er sjálfsagt góður bóndi, þessi Jón?

VINNUPILTUR

Ekki er hann vondur maður, karlgreið, ef hann fengi nokkru að ráða.

GRÍMUR

Hver bannar honum það?

VINNUPILTUR

Þú færð að sjá það bráðum. – Hún er annars mesta rausnarkona, og falleg er hún. Ég er nú reyndar alveg hissa á því, að hún skyldi vilja eiga Jón – en sumir eru alveg undrandi á því, að Jón skyldi vilja Margrétu. (*Skellihlær*).

GRÍMUR

*Réttir sig upp og horfir á hann.*

Hún er falleg þessi kona, segirðu. Og ung?

VINNUPILTUR

Já, hún er ansi myndarleg, og ekki er hún gömul. Hún er að minnsta kosti mikið yngri en hann.

GRÍMUR

En þessi gamla kona?

VINNUPILTUR

Það er hún Þóra, systir hans Jóns.

GRÍMUR

Er hún þá eldri en Jón?

VINNUPILTUR

Það veit ég svei mér ekki. Ég hef aldrei grafist eftir aldri hennar. En mér sýnist hún hreint ekki ung. Og ekki er ég skotinn í henni. Hún er ævinlega eins búin, þegar ég sé hana heima hjá sér. Í svörtum fötum með röndotta svuntu og brádropóttan klút í skýlu.

GRÍMUR

(*Brosir*). Hún er líklega rík, fyrst hún kostar svona litlu til að klæða sig.

VINNUPILTUR

Það veit skollinn. Sumir segja annars að hún safni peningum, eins og þeir gömlu gerðu. Mér finnst Þóra ævinlega hálfleiðinleg. Það er eins og hún þykist svo merkileg með sig. (*Kuldaglott leikur um varir Gríms. Þögn*). Ef ég gifti mig einhvern tíma, þá vildi ég ekki eiga þá konu, sem þættist miklu betri en ég og allir aðrir.

GRÍMUR

Það er sjálfsagt miklu heppilegra, drengur minn. Vertu nú sæll og þökk fyrir samfylgdina.

*Réttir piltinum hendina. Pilturinn heldur í hönd hans um stund.*

VINNUPILTUR

(*Stamar fram*). Ég vona þú trúir ekki – gerir ekkert með það, sem ég var að rugla. Það er besta fólk allt saman. Menn tala svo margt á ferðalagi. Það styttir tímenn. Menn meina ekkert með svo mörgu, sem sagt er. – Þú skilur það.

GRÍMUR

Já, ég skil það. Sveitatal og sjóbúðatal, það stytir tímann.

VINNUPILTUR

Það er einmitt gott fólk á þessu heimili.

GRÍMUR

Já, ég trúi því vel. (*Snýr í áttina að bænum*).

VINNUPILTUR

Á ég ekki annars að fylgja þér heim.

GESTUR

Nei, þess gerist ekki þörf. Vertu nú sæll.

VINNUPILTUR

(*Kallar á eftir honum*). Þetta er besta heimili.

*Grímur lítur glottandi um öxl sér. Svo veifar hann hattinum til kveðju. Pilturinn fer út af sviðinu. Grímur staulast heim að bænum, styðst við staf.*

### **KALDAR KVEÐJUR**

*Margrét stendur við búrbekkin og saumar kindavambir af kappi. Jón situr við trog og brytjar mör. Aðkomukona krýpur á gólfinu og hrærir blóð í bala.*

ÞÓRA

*Kemur að utan.*

(*Stíllt og lágt*). Hann er kominn. – Grímur Sveinsson er kominn.

MARGRÉT

(*Lítur upp frá vinnu sinni*). Er hann nú kominn? Það mátti svo sem við því búast. Það er best að bóndinn taki á móti honum. Hann hefur mest til matarins unnið. (*Jón fer út að sinna gestinum*). Þú verður að flytja úr herberginu þínu, helst áður en hann kemur inn. Svo bið ég þig að láta þangað rúmfötin, sem hann á að hafa. Það verður að taka hálmdýnuna úr auða rúminu. Mér dettur ekki í hug að láta dúnsængurnar mínar undir tæringarveikan mann. Önnur rúmföt eru í skápnum í svefnherberginu mínu, eins og þú veist.

-----

*Þóra stendur í litla herberginu sínu. Við stafninn er uppþúið rúm. Lítið borð er við gisna skilpilið; yfir því er glugginn, en yfir rúminu er veggskápur og í honum nokkrar bækur – gamlar guðsorðabækur og skáldrit. Við fótagafl rúmsins stendur dragkista og á henni saumavél. Rokkurinn hennar er í fremra horninu. Hún heyrir mannamál í göngunum og þrífur þá fötin af rúminu og setur þau á kistuna. Hún breiðir síðan fötin sem Margrét hafði bent hanni á ofan á sængina sína. Jón og Grímur koma inn á baðstofugólfið og síðan inn í herbergið; Jón heldur á farangri Gríms.*

JÓN

Hérna áttu að vera.

GRÍMUR

(*Fálega*). Það er gott.

*Grímur slangrar þreytulega inn að rúminu og lætur fallast þar niður. Þóra rennir augunum til hans og fer út úr herberginu. Jón gengur um gólfið aftur og fram. Þóra brýtur saman*

*rúmfötin sín og leggur á rúmið þar sem hún ætlar að sofa. Margrét kemur í baðstofudyrnar. Þóra er ekki búin að breiða ábreiðuna á rúmið sitt. Vandræðafát kemur á hana. Margrét nemur staðar á gólfinu, lítur fyrst á rúmið og svo á Þóru. Andlitið tognar og augun verða stór af undrun.*

MARGRÉT

*Bendir á hálmþýnuna.*

(Undrandi). Hvað? – Ætlarðu...?

*Þóra lítur á hana bænaraugum. Margrét herpir saman varirnar og undrunin breytist í kaldhæðnisglott. Fer inn til Gríms. Jón hrökklast út í horn og rekur sig í rokkinn.*

GRÍMUR

Komdu sæl.

MARGRÉT

Komdu sæll. (*Þau horfa kuldalega hvort á annað*).

JÓN

(*Úti í horninu*). Þetta er konan mín, hún Margrét.

*Grímur kinkar þegjandi kalli. Þóra stendur á miðju baðstofugólfinu, heldur niðri í sér andanum og hlustar.*

MARGRÉT

(*Óþarflega skýrt og hátt*). Mátt þú nú borða allan mat, sem fyrir kemur?

GRÍMUR

(*Lítur ekki upp*). Já.

MARGRÉT

Þetta er nú svo oft, að þeir sem koma frá læknum, mega alls ekki borða nema vissan mat. (*Jón gengur um gólf. Margrét bætir við í lægri róm eftir smá hik*). Þú skalt fá ljós þegar dimmir. – Ég færi þér hingað mat og allt. Þú veist líklega – að það verður – svo að vera.

GRÍMUR

*Snöggur roði hleypur fram í kinnarnar, varirnar titra og röddin er hás, eins og þjöl sem brugðið er á stál.*

Ég geng þess ekki dulinn, hvað að mér gengur. Og mig langar ekki til, að öðrum stafi hætta af mér.

*Jón vindur sér snögglega framhá Margrétu og út að glugganum. Hann aðgætir fjallið vandlega, eins og hann hafi aldrei séð það áður. Margrét snýr sér við og fer út úr herberginu. Þóra hraðar sér fram í eldhús.*

## **DÓMAR**

*Það er farið að rökkva. Þóra situr fyrir framan hlóðirnar og horfir inn í eldinn.*

ÞÓRA

(*Hugsandi*). Það er myrkur í svip og augum þessa manns og beiskja í röddinni. Hvers vegna kenni ég þá meira í brjósti um hann en nokkurn annan, sem ég hef þekkt? Ekki er hann eini maðurinn, sem hefur þurft að berjast við seigdrepani sjúkdóm og þiggja hjálp af vandalausum. Ég skammast mín fyrir að kenna í brjósti um hann og þyrði ekki að láta aðra vita það. Hvers vegna?

Ég veit það. Það er vegna þess ég er kona og hann karlmaður. Myndi ég ekki hafa fundið til með honum, þó að hann hefði verið kona? Ég veit það ekki. En ég veit, að þá hefði ég ekki kviðið fyrir því, að mæta spurnaraugum annarra, og þá myndi engum detta í hug þá líta til mín með tvíræðu glotti. Hvað kemur kynferðið þessu við? Ég veit fyrir víst að í sambandi við löngun mína til þess að vera þessum ókunna einstæðingi góð, er ekkert, sem ég þarf að skammast mín fyrir. Hvað er það þá?

Það er þessi þröskuldur, sem almenningsálitið og ranghverf hæverska hafa reist milli karls og konu, sem ekki eru bundin hjúskaparheiti eða gift. Það er þetta sem gerir alla sambúð karla og kvenna ófrjálsa og hikandi. Óttinn við að vekja umtal, ef eitt skref er stigið út fyrir takmörk viðtekinnar venju.

Ef karl og kona sitja saman og ræða um eitthvert alvarlegt efni, ef þau láta í ljós samhygð sína á einhvern hátt, þá er auðvitað eitthvað á milli þeirra, einhver samdráttur, sem ekki á að eiga sér stað, nema þau ætli að verða hjón.

Hjónaböndin eru oft stofnuð í blindni af konum, sem ekkert þekkja karlmenn, nema af þokukenndum draumahillingum – og körlum, sem ekki þekkja konur nema að litlu leyti, sem eðlishvöt þeirra bendir þeim á.

Svona er það hérna í sveitinni; enginn þorir að stíga út af almanna leiðum, því að tortryggni og ótti við umtal og ómilda dóma gerir menn óframfærna og huglausa, og engin staða eða aldur er óhult fyrir þessu andlega sótt næmi.

Ég veit vel hvað um það verður sagt, ef ég læt mér mjög annt um sjúklinginn sem kominn er á heimilið. En í þetta skipti ætla ég að fara minna eigin ferða. En samt – (*hikar*) – ég kviði fyrir dylgjunum – og verst er ef hann misskilur mig líka.

*Hún hrekkur upp úr hugsunum sínum við mannamál. Margrét og aðkomustúlka koma með stóran sláturbala á milli sín inn í eldhúsið. Þóra sprettur á fætur.*

MARGRÉT

Hvað er þetta, eldurinn er að deyja undir pottunum, og ég ætlaði að fara að láta slátrið í þá. Þú ert annars hugar í dag.

*Aðkomustúlkan brosir og lítur á þær til skiptis. Þóra tekur nokkrar taðflögur og raðar þeim undir pottana. Margrét horfir á hana á meðan.*

MARGRÉT

(*Kímileit*). Mér þykir þú ætla að verða í þumlinum við þann staurfætta.

*Margrét og aðkomustúlkan hlæja.*

## **BARÁTTAN**

*Margrét kemur inn í eldhúsið eftir að hafa fært Grími mat.*

MARGRÉT

Þetta er undarlegur og óviðkunnanlegur maður, líkur því, að að hann hafi einhvern tíma brjálást, eða að hann hafi eitthvað meira en lítið á samviskunni. Það fer hrollur um mig, þegar ég kem inn í herbergið til hans með matinn, og mér líður illa langan tíma á eftir. Það má mikið vera, ef ekki hefst eitthvað illt af komu hans hingað.

JÓNKI

Já, þetta er alveg satt. Það er líklegast, að hann hafi átt barn með einhverri stúlku og yfirgefið hana svo, og hún hafi annaðhvort brjálást eða fyrirfarið sér og hann svo orðið hálfvitlaus af samviskubiti. Þetta eru karlar, sem stúlkur mega vara sig á. Þessir með svarta hárið og svörtu augun. Þeir seiða þær inn í allt þetta myrkur, svo að þær vita ekki sitt rjúkandi ráð. Jafnvel rosknar og ráðsettar meyjar verða stundum örvita og utan við sig, þó að þeir séu með staurfót. (*Hlær*).

*Margrét hlær líka með Jónka. Þau líta til þóru sem lætur eins og hún sjái það ekki. Jón horfir á fjallið út um gluggann.*

-----

*Þóra er inni í litla herberginu, býr um rúmið og þurrkar af. Á hillu fyrir ofan rúm Gríms eru bækur og þrjú meðalaglös. Á veggnum hangir langi kassinn með fíólíninu, hún þurrkar af honum; tekur bækurnar hverja af annarri niður úr hillunni og skoðar titilsíðurnar. Síðan verður henni starsýnt á eitt meðalaglasíð. Verður hverft við.*

ÞÓRA

Þrjár svartir krossar, það er eitur. Hvað á hann að gera með eitur. (*Tekur glasið skjálbandi höndum*). Ópíumsdropar. Hann hefur þá kvalir einhversstaðar, og samt segist hann frískur. (*Setur glasið aftur í hilluna*).

*Ljós út*

-----

*Heimilisfólkið er allt sofnað. Jónki hrýtur. Sterkt ljós er á Grími sem les í bók. Þóra slekkur ljósið hjá sér og við það spretta fram ljósrákir í gegnum þilið frá litla herberginu inn í baðstofuna.*

ÞÓRA

(*Hugsandi*). Þegar dimmt er inni hjá honum hlýtur hann að sjá glampa af ljósinu mínu gegnum rifur á þilinu, því það er orðið svo gisið.

Skyldi honum vera nokkur hugfró að því, að vita af öðrum sem vakir? (*Lítur á hann gegnum þilið*).

Myrkrið í svip hans og augum er engu líkt, sem ég hef áður séð. Hér er eitthvað skelfilegt að gerast, eitthvað sem fólkið grunar ekki, og ég er of magnlaus til að koma í veg fyrir það. Það er eins að horfa á slysfarir og standa ráðþrota yfir því, án þess að geta nokkra björg veitt.

Góði guð! Hjálpaðu honum. Láttu hann ekki farast. Góði guð!

### **ÓGLEYSANLEG ORÐ**

*Jónki situr við búrborðið og snæðir morgunverð. Margrét stendur við borðið og raðar smurðu brauði á disk.*

MARGRÉT

*Lítur til bónda síns og sýnir honum diskinn.*

Þetta færir ég honum nú á hverjum morgni. Hann þarf mat sinn, þó að hann hafi ekki starfið strangt.

JÓNKI

Hann ætlar að safna ístru eins og höfðingjarnir.

JÓN

(Hikandi). Hann þarf að hafa gott fæði – það er auðvitað – ef hann hefir lyst á því.

MARGRÉT

Það er samt eins og hann sé alltaf að horast niður.

JÓNKI

Hann er eins og mögru kýrnar í biblíunni. (*Margrét brosir*).

JÓN

Kannski hann sé veikur. Læknirinn hafði sagt, að það væri eitthvað innan í bakinu á honum.

JÓNKI

Ætli það sé ekki eitthvað innan í bakinu á öllum.

*Hann glennir sig á máttlega og gýtur augum til Margrétar. En hún snýr sér snögglega undan, tekur diskinn, mjólkurkönnu og glas og fer úr búinu. Þóra kemur úr eldhúsinu með nýbakaðar kökur og leggur þær á borðið; hún hvessir augun á Jónka.*

ÞÓRA

Sumir eru samt svo innantómir, að þeir hafa ekkert nema munninn og magann.

*Jónka verður svo hverft við, að bitinn situr hálfastur í hálsinum. Þóra styður höndunum fram á borðið og horfir á Jón. Hún á örðugt um mál.*

Þú verður að líta eftir manninum, bróðir minn. Úr því að þú tókst hann, verður þú að líta eftir því, hvernig honum líður.

JÓN

Ég? (*Úrræðaleysi og vanmætti í svip hans og hljómb læ*).

ÞÓRA

Guð má vita, hvernig fer með hann, ef hann er látinn afskiptalaus.

MARGRÉT

*Kemur inn með matarílátin og setur þau á borðið.*

Hann vill ekkert borða.

JÓN

Er hann þá meira veikur?

MARGRÉT

EKKI segir hann. Ég get ekki togað annað út úr honum en það, að hann hafi enga lyst á mat.

JÓNKI

Þóra ætti að fara inn með matinn og bjóða honum að tryggja í hann. (*Enginn brosir nema Jónki*).

MARGRÉT

Það er eins og ég er búin að margsegja, að hann hefði aldrei átt að koma hingað, og ef ég hefði verið spurð ráða, þá skyldi það aldrei hafa orðið.

ÞÓRA

Hann hefir lítið eða ekkert sofið, síðan hann kom hingað.

MARGRÉT

Það verður að útvega honum svefnmeðal, ef hann getur ekki sofið.

ÞÓRA

Já, en hann verður þá fyrst að fást til að kvarta um svefnleysi, og í öðru lagi að vilja nota svefnmeðal. Ég vil ekki láta bera mig fyrir því, að hann geti ekki sofið.

MARGRÉT

Nú, þá er ekki annað en að láta hann afskiptalaus, þangað til hann kvartar. Mér finnst að minnsta kosti, að hann sé ekkert of góður til þess að segja frá því sem að honum gengur.

ÞÓRA

Bara að hann grípi þá ekki til einhverra örprifaráða – ef hann brjálást þá ekki.

JÓNKI

Kannski að þú sért hrædd um að hann fari að sálga sér?

*Hann hlær hrottalega. Enginn gegnir. Einhver óhugur hefur gripið alla. Jónki tekur húfuna sína þegjandi og laumast út.*

ÞÓRA

*Stendur um stund í sömu sporum. Svo segir hún hálfhátt, eins og hún sé að tala við sjálfa sig.*

Það er einmitt það sem ég hræðist mest af öllu.

*Fer í eldhúsið og tekur til starfa skjálfsandi af hræðslu yfir því að öllum virðist hafa dottið það sama í hug og henni.*

JÓN

*Situr á búrkistunni og horfir í gaupnir sér. Stendur upp.*

(Í hálfum hljóðum). Ég verð að reyna að tala við manninn.

MARGRÉT

*Réttir úr sér, svo hún sýnist höfði hærri en Jón. Leggur allan sinn ákveðna þrótt í svip sinn og málróm.*

Ég er ekkert hrædd um að hann fari að drepa sig. Þeir halda fastast í lífið, sem vita að þeir eiga að deyja. Og þó svo færi, þá væri það ekki annað en að hann losnaði við langt dauðastríð og sveitin við þungan ómaga. – Og hvernig sem allt fer, þá ber ég enga ábyrgð á því. – Ég tók hann ekki á heimilið.

*Gengur að borðinu og fer að þvo matarílátin af kappi, syngur við vinnuna eins og henni sé létt í skapi. Jón gengur til baðstofu, hikandi og óákveðinn, með ábyrgðarþungann á bognu bakinu.*

## LÍF OG DAUÐI

ÞÓRA

(Við sjálfa sig). Er það ekki eintóm heimska, að vera alltaf að brjóta heilann um það, þó að maður sem ég þekki ekki neitt, geti ekki sofið, eða eigi í einhverri baráttu við sjálfan sig? Er ekki eitthvað óheilbrigt í þessari einkennilegu viðkvæmni fyrir kjörum hans? Er það ekki einhver eigingjörn löngun til þess, að vekja eftirtekt eða sýnast betri en aðrir? Enginn myndi ásaka mig, hvað sem fyrir kæmi með manninn. Þvert á móti. Ef ég sæti á tali við hann og reyndi að vinna traust hans og hughreysta hann, þá yrði mér láð það. „Hafið þið heyrt það, að Þóra í Hlíð er orðin vitlaus í staurfætta manningum?“ myndu konurnar í sveitinni hvísla



hver að annarri, og þær myndu teygja úr vörunum til þess að brosið sýndist angurvært, þegar þær væru að tala um mannlegan veikleika og óskiljanlega blindni. Og gestirnir, sem kæmu að Hlíð, myndu skotra til mín augunum í hvert skipti, sem hann væri nefndur á nafn, til þess að sjá, hvort mér brygði ekki. Og ef ég svo gengi í burtu, myndi verða hvíslað með kankvísu svip: „Það er þó vonandi ekki satt þetta um hana Þóru, aumingjann“.

#### RÖDD Í BRJÓSTI ÞÓRU

(*Af segulbandi*). Hvers vegna réttir þú honum ekki hönd, þegar hann var að farast?

#### ÞÓRA

Ég... þorði ekki að mæta dómum mannanna né horfa á háðsglott þeirra.

#### RÖDDIN

Er ekki sál bróður þíns meira virði en það? Gastu ekki gert það sem rétt var, hvernig sem aðrir dæmdu það?

#### ÞÓRA

(*Grætur*). Ef ég hefði verið karlmaður eins og hann, þá skyldi ég hafa farið til hans og sagt honum, að hans kvöl skyldi vera mín kvöl og mín gleði hans gleði. Ég hefði fengið hann til að segja mér allt sem að honum amaði, og hluttekning mín hefði létt byrði hans um helming, og sál hans hefði fundið kærleikann í gegnum kærleika minn. Augu hans myndu hafa ljómað af sælu mitt í þjáningunum og friður undirgefninnar hefði lýst af andliti hans í dauðanum. – En ég gat þetta ekki vegna þess, að hann var karlmaður og ég – kona.

#### RÖDDIN

(*Skýrt og alvarlega*). Einmitt þess vegna áttir þú hægra með að vinna traust hans. Karlmennirnir eiga á hættu að misskilja hver annan og konur að tortryggja hvor aðra, en milli karls og konu, sem nálgast hvort annað með hreinum vinarhug, liggja ósýnilegir þræðir, sem flytja leyndustu hugsanir þeirra. Karl og kona eru sköpuð til að birta hvort öðru kærleika, en lægstu hvatir mannanna flæma burtu kærleikann og setja eigingirninna í háseti.

#### ÞÓRA

Þó að hugur minn væri hreinn og flekklaus, þá gat verið, að hann hefði ekki treyst því. Hann gat álitid að ég væri ástleitinn daðursdrós, og vísað mér burtu með fyrirlitningu.

#### RÖDDIN

Góð og hreinhjörtuð kona á ekkert því líkt á hættu; hún getur gert villtasta glæpamann bljúgan og viðkvæman eins og barn. Ef þú hefðir verið karlmaður, myndir þú máski hafa kennt í brjósti um hann; þú hefðir reynt að hughreysta hann og rétt honum hjálparhönd á ýmsan hátt. Vegna þess að þú ert kona, langaði þig til að skilja dýpstu tilfinningar hans, þekkja allar hans syndir og sorgir og veita ljósi og friði í hvern afkima í hugskoti hans, svo að hann gæti lifað sáttur við mennina og dáid sáttur við guð.

#### ÞÓRA

(*Döpur*). Ég verð að reyna að hætta að hugsa um þetta.

*Ljós út*

-----

*Þóra kveikir ljós og gengur, hálfhrædd og hikandi, inn í herbergi Gríms. Hann liggur í rúminu með hendur undir hnakkanum og horfir fram fyrir sig, en lítur til hennar snöggvást,*

*Þegar birtuna ber inn í herbergið. Hún lítur undan. Augnaráð hans er svo annarlegt og svipurinn svo myrkur, að henni stendur ógn af því.*

*Hún stendur um stund í sömu sporum og er alveg búin að gleyma öllu sem hún hafði ætlað að segja.*

GRÍMUR

(Byrstur). Hvað viltu hingað?

ÞÓRA

(Hrekkur saman). Ég – ég ætlaði að spyrja þig, hvernig þér líði.

GRÍMUR

Hún er alveg ný þessi umhyggja ykkar fyrir mér. Ég hef að minnsta kosti ekki orðið var við hana fyrri en í dag.

ÞÓRA

*Hljómlaust, eins og henni sé algjörlega sama, þó henni sé það ekki:*  
Þér líður víst ákaflega illa.

GRÍMUR

Ykkur myndi sjálfsagt líða vel í mínum sporum?

ÞÓRA

Nei, líklega ekki, en margur reynir að sætta sig við það sem guð leggur á hann.

GRÍMUR

*Rómur hans er hás af vonsku, og eldur brennur úr augunum.*

Það er enginn guð til. – Ég vil ekki heyra hann nefndan á nafn. – Láttu mig í friði. – Farðu.

*Hún fer að titra af hræðslu og snýr sér frá og gengur burt, en lítur snöggvast um öxl. Hann liggur í sömu stellingum og áður, með hálf-lokuð augun.*

ÞÓRA

(Í hálfum hljóðum). Á ég ekki að búa upp rúmið þitt?

GRÍMUR

(Lágt og dimmt). Nei. Þið getið búið um mig – á morgun.

*Ljós út*

-----

*Þóra liggur andvaka; þegar aðrir eru eru sofnaðir. Hún er í náttkjólnum sínum, sér fyrir sér andlit Gríms náfölt, afmyndað af angist og skelfingu, og kolsvört augu sem brenna af hatri og kvöl.*

ÞÓRA

Faðir vor, þú sem ert á himnum, helgist þitt nafn, tilkomi þitt ríki svo á jörðu sem á himni –

*Það er eitthvað á hreyfingu inni í litla herberginu. Þóra stendur á öndinni og hlustar. Eitthvað er dregið hægt eftir gólfinu. Lykli er snúið í skráargati ferðakistunnar; Þóra sest upp við olnboga. Grímur hefur kveikt. Ljósglampi sést gegnum þilið. Þögn nokkur augnablik. Skrjáf í blöðum, hringl í lyklum. Hann sest niður og stynur. Hún mjakar sér hægt upp að þilinu og lítur í gegn. Hann skrifar á blað við borðið. Höndin er óstyrk. Hann hefur dregið ferðakistuna að borðinu og situr á henni framan við það. Þess vegna sér hún hann ekki. Hann hættir að skrifa og stendur upp.*

*Hún færir sig ósjálfrátt frá þilinu og dregur djúpt andann, eins og hún sofi. Hann er að hlusta. Hræðslan gagntekur hana á ný. Hún grúfir niður í bringu og dregur skjálfandi andann. Það er eins og dálítið hrothljóð.*

*Skugginn hverfur af þilinu. Hún færir vangann nær og hlustar og hrytur, en á milli andtakanna heyrir hún pennann urga við blaðið. Hún hlustar og hlustar, heyrir óreglulegan andardrátt, stundum eins og þungar stunur. Svo hreyfist eitthvað; hann er staðinn á fætur. Stafnum er stutt á gólfið; hún þekkir hljóðið. Hún þrýstir andlitinu að þilinu og lítur inn. Hann snýr sér að rúminu og seilist upp á hilluna þar sem meðalaglösín eru.*

Ó, guð! Hvað ætlar hann að gera? Hann er voðamaður, vís til alls.

*Hann heldur á glasi og stórri matskeið. Hún þekkir glasið. Það er meira en hálfullt af dökkrauðum vökva og þrír svartir krossar á miðanum. Æsingin nær hámarki. Hún er hætt að hrjóta og hann er hættur að hlusta.*

*Hún hálfhljóðar upp. Hann heyrir það ekki. Hann riðar eins og dauðadrukinn maður og fálmar við stútinn á glasinu. Tappinn hrekkur á gólfið. Hann telur ekki dropana heldur hellir í skeiðina.*

*Hræðsla Þóru er horfin. Hún stekkur í einu vetfangi, á náttklæðunum einum og slær glasið og skeiðina úr höndum hans, um leið og hann ber hana fleytifulla að vörum sér. Dökkrauður lögurinn skvettist um andlit þeirra og hendur. Ægileg þögn. Djúp andtök frá beggja brjóstum. Þau horfa hvort á annað leiftrandi augum. Nú lítur hún ekki undan; hún er ekki hrædd. Á þessu augnabliki er hún gædd ofurmagni. Hún er að bjarga mannslífi; hún er að frelsa sál frá glötun. Hann lyftir upp hendinni. Ætlar hann að berja hana, eða hrinda henni? Nei, hún er ekki hrædd við hann, hún færir sig einu skrefi nær og hvessir á hann augun. Höndin sígur niður með hliðinni og augun hvarfla undan.*

#### GRÍMUR

*Reynir að sýnast reiður en svipurinn er sneypulegur eins og á krakka sem staðinn er að óknyttum.*

Hvað á þetta að þýða?

*Hún finnur þrótt sinn aukast að sama skapi og hann guggnar fyrir viljamagni hennar. Hann hnígur niður í rúmið og grípur höndum fyrir andlitið.*

#### ÞÓRA

*Talar í hálfum hljóðum, en skýrt og ákveðið, þrungin æsingunni sem inni fyrir býr.*

Ég særi þig við allt, sem þér er heilagt – við – minningu móður þinnar, að drýgja ekki glæp – að ganga ekki út í dauðann sem – sjálfsmorðingi.

*Nokkur augnablik heyrir ekkert nema sundurslitinn andardráttur beggja. Svo kemur þungt soghljóð. Herðar hans kippast til af ekka. Hann grætur. Hún horfir þegjandi á hann nokkra stund. Svo læðist hún hljóðlega fram úr herberginu. Hún veit, að honum er nú óhætt. En kraftur hennar er þrotinn og sljóleiki og magnleysi komið í staðinn. Hún fleygir sér upp í rúmið sitt og grúfir andlitið niður í koddann.*

#### ÞÓRA

(Endurtekur hvað eftir annað). Ó, guð! Ég þakka þér.

*Innan úr herberginu heyrir hún óminn af grátstunum. Hún kemur til sjálfrar sín. Svona má hún ekki yfirgefa hann. Hún ætlar að leggja af stað til hans, fögnuður ólgar í sálu hennar yfir því að vera þess megnug að bjarga manni frá því að drýgja glæp. En þá áttar hún sig á því að hún er í náttfötunum og hún roðnar af blygðun.*

Skyldi hann hafa tekið eftir því, hve fáklædd ég var? Heimska! Hver myndi vera að hugsa um annað eins á takmörkum lífs og dauða?

*Hún ténir utan á sig fötin með skjálfandi höndum. Læðist síðan aftur inn í herbergið. Hann situr enn í sömu stellingum; herðarnar kippast til, en ekkasogin heyrast ekki lengur. Hún tekur mjólkurkönnu sem Margrét hafði sett á borðið um kvöldið, og gengur til hans. Annarri hendi styður hún á herðar honum, með hinni ber hún mjólkina að vörum hans.*

PÓRA

(Alvarleg). Nú að drekka.

*Hann drekkur eins og viljalaust barn, drekkur í löngum teygum, þangað til að mjólkinn er búin. Þá setur hún könnuna á borðið. Síðan hagræðir hún koddanum og tekur yfirsængina upp.*

Nú skaltu leggja þig upp í rúmið.

*Hann hlýðir umyrðalaust. Hún breiðir yfir hann sængina og hlúir að honum eins og veiku barni. Svo færir hún ljósið þannig, að birtan fellur ekki í andlit honum.*

(Lágt og hlýtt). Svo skaltu sofa og hvílast. (Fer yfir í baðstofuna).

### ENGILL EÐA DRAUGUR

*Glóbjartur dagur. Þóra sest upp í rúminu og litast um. Hún hefur sofið of lengi. Það er sunnudagur og hjónin ætla til kirkju. Það hafði verið næturgestur á bænum, vinkona Margrétar, sem átti að fá morgunkaffi. Þóra seilist niður að fótagaflinum eftir fötunum sínum. Áttar sig þá á því að hún er alklædd.*

PÓRA

Enginn skal fá að vita það, sem fyrir kom í nótt. Aldrei skulu forvitin undrunaraugu stara á hann eins og þau vildu segja: „Þetta er maðurinn, sem ætlaði að drepa sig“. –

*Þóra fer til Margrétar og vinkonu hennar, þær sitja á búrkistunni við kaffidrykkju. Jónki situr með bolla á kassa úti í horni.*

MARGRÉT

(Vingjarnlega). Þú hefur sofið fast og lengi, Þóra mín. (Milli vinkvennanna fer einkennilegt bros).

PÓRA

(Blátt áfram). Já, ég hef víst sofið yfir mig.

MARGRÉT

Það gerir ekkert. Ég gat svo sem hitað dropann. Komdu nú og fáðu þér kaffi. (Þóra hellir þegjandi í bollann sinn). Og það fór eins og ég sagði, að Grímur myndi ekki svelta sig í hel. Ég leit inn til hans, þegar ég kom á fætur. Hann er búinn úr mjólkurkönnunni og sefur eins og rotaður selur. Hann hefur sofnað út frá ljósinu undireins í gærkvöldi. Ég slökkti það áðan.

*Kaffið slettist úr bollanum, um leið og Þóra ber hann upp að munninum.*

AÐKOMUKONAN

(Blíðlega). Þú hefur þó vonandi ekki brennt þig.

PÓRA

(Lágt). Nei, nei. (Sama brosið hjá vinkonunum aftur á ferðinni).

JÓNKI

Kannski draugurinn hafi drukkið mjólkina. (Hlær hátt. Konurnar hlæja líka).

MARGRÉT

(*Kankvís*). Varst þú vör við nokkurn draugagang í nótt, Þóra?

ÞÓRA

Ég? – Nei, ekki hið minnsta. (*Lítur ekki upp*).

JÓNKI

Já, það var nú samt annaðhvort draugur eða engill, sem ég sá; hvítt var það að minnsta kosti. Það kom innan úr herberginu hans Gríms og stefndi í áttina að rúminu þínu. Ég sá ekki hvað um það varð.

MARGRÉT

Og þú hefur ekkert vitað um þetta?

ÞÓRA

*Er lengi að ljúka við síðasta sopann úr bollanum.*

Ég hef aldrei á æfi minni orðið vör við drauga – og ekki engla heldur.

*Hún setur bollann á borðið og fer út úr búrinu. En í búrinu er hvíslað og brosað góða stund.*

### **SPILAÐ Á FÍÓLÍNID**

*Rökkrið er að færast yfir. Hjónin eru ókomin úr kirkjuferðinni. Jónki er ekki heima. Grímur er í litla herberginu. Hann liggur í öllum fötunum eins og um nóttina þegar Þóra yfirgaf hann. Hún hefur fært honum mat og hann hefur borðað, en ekkert hafa þau talað saman. Það er undarlegur sljóleiki yfir svip hans, og hún hefur ekki getað fengið af sér að ávarpa hann. Þóra fer út úr herberginu. Grímur teygir sig í fíólínið. Nú heyrir ómur frá strengjum sem verið er að stilla. Það er aldimmt í baðstofunni. (Viðbrögð Þóru ráðast af því sem gerist í tónlistinni).*

*[Nú byrjar danslag, leikandi létt. Þóra sér í anda bjartan sal. Ungir sveinar og ljós-klaeddar, brosmildar meyjar líða áfram hlið við hlið í saklausri gleði. – Svo kemur eitthvað tryllingslegt – dansinn æsist – sveinar og meyjar þrýsta sér fastar hvort að öðru. Augun blossa, svipurinn dökkur, varirnar titra. Það dimmir í salnum og þau leiðast út tvö og tvö. – Strengirnir kveina. Það eru andvörp yfir sviknum vonum og glötuðu sakleysi – eyðilagt líf, ógreiddar skuldir fyrir augnabliks nautn. Menn og konur stritandi og stríðandi til að verjast nekt og hungri fyrir úrkynjuð afkvæmi, sem enginn hefur óskað eftir. – Sárar stunur – grátur – ekkasög. – Sorg – skilnaður – veikindi – dauði. (Lengd fíólínspils um það bil ein til þrjár mínútur)].*

*Svo heyrir langur nístandi hlátur. Strengirnir titra um stund undan síðustu átökunum. Síðan slær öllu í þögn. Þóra seilist upp á hillu eftir eldspýtum. Hún er hrædd og hikar.*

*Lágt og og veikt strengjahljóð rýfur þögnina. Mjúkir og mildir tónar líða gegnum myrkrið, friðandi og sefandi. Þeir renna saman, og lagið við barnasálminn: „Ó, faðir ger mig lítið ljós ...“ ómar undurþýtt og fagurt frá strengjunum. Nú þagnar allt. Þögnin er hátíðleg eins og í kirkju. – Þetta er svar hans – þakklæti hans. Tárin streyma niður kinnar Þóru og heitar öldur af sælli gleði fylla huga hennar.*

*Hún skrífa upp kveikinn á lampanum, eldspýtan blossar. Ljósið logar glatt á lampanum og varpar birtu framan í hana.*

ÞÓRA

Hann er skáld. Engir nema skáld geta látið aðra sjá og finna það, sem þeir sjá og finna. (*Gengur inn til Gríms. Hvíslar hálfhátt*). Viltu láta kveikja?

GRÍMUR

(Í hálfum hljóðum). Já, gefðu mér ljós.

*Hún gengur inn fyrir og kveikir á lampanum. Hann situr á rúminu og hallast upp að þilinu. Fiðlan liggur við hliðina á honum. Hún réttir brosandí fram höndina.*

ÞÓRA

Ég þakka fyrir hljóðfærasláttinn. – Það síðasta.

*Hann tekur með báðum höndum um hönd hennar og horfir á hana, djúpum og alvarlegum augum. Í handtakinu berast hlýir straumar frá sál til sálar. Húsfreyjan stendur allt í einu inni í litla herberginu.*

MARGRÉT

Gott kvöld. Það hefur ekki verið deyfðin í fólkinu í dag. Viltu hita kaffi fyrir mig, Þóra mín? Það eru komnir gestir, fólk, sem varð okkur samferða frá kirkjunni. Eða ertu í önnum? (Brosir).

ÞÓRA

Nei, ég skal undireins hafa til kaffi. (Fer yfir í eldhúsið).

*Brátt skíðlogar eldurinn undir katlinum. Margrét er í góðu skapi, andlitið eitt bros.*

MARGRÉT

(Óvenju mildilega). Ég þarf að segja þér nokkuð, sem ég var spurð að við kirkjuna í dag, Þóra. (Hún hlær, en hláturinn spáir engu góðu).

ÞÓRA

(Fálega). Nú, nú. (Fær hjartslátt og roðnar).

MARGRÉT

Ég var spurð að því, hvort það væri satt að þið Grímur svæfuð á sömu sænginni. (Kemur með glampanði andlitið fast að andlitinu á Þóru).

ÞÓRA

(Skjálfrödduð). Einmitt það.

MARGRÉT

(Ekki laus við gremju). Já, þú sérð það nú, að það er ekki nóg að vera hrein og saklaus eins og þú. Enginn sleppur, ekki einu sinni þeir, sem eru svona góðir. (Og svo brunar Margrét, fögur og fönguleg, út úr eldhúsinu, eins og hún hafi aflokið nauðsynlegu erindi).

ÞÓRA

Margréti er fögnuður yfir því að sjá mig kveinka mér undan illgirnilegum þvættingi, sem á upptök sín á hennar heimili. Margrét er ekki góð. Hún hefur aldrei verið góð við Jón aumingjann, og hún hefur verið þolanleg við mig aðeins til þess að láta mig þræla fyrir hana, þegar hún fékk ekki aðra til þess.

*Fögnuður Þóru er flúinn, en sársauki og gremja sitja í öndvegi í sálu hennar.*

**FALSKUR TÓNN**

*Það er komið fram á vöku, en þó nærri því eins bjart og um hádaginn, hjarn yfir öllu. Himinn er heiður. Tunglið er fyrir nokkru komið upp, og breiður bogi af leiftrandi norðurljósum liggur yfir sjóndeildarhringinn; aðeins örfáar stjörnur sjást eins og daufar týrur í dimmbláum geimnum.*

*Póra situr á hestasteini eftir að hafa hengt upp þvott; við hlið hennar er þvottabali. Hún horfir fram í sal en sér skuggann af Grími, þó að hún snúi baki í hann, þegar hann nálgast hana. Hann leggur hönd á öxl hennar og hún verður að líta upp. Hann horfir á hana með angurværu brosi.*

#### GRÍMUR

Þú mátt ekki ímynda þér, að ég hafi sagt það af tilfinningalausri kerskni sem ég sagði í dag um drápgirni mannsins og grimmdarfulla gleði. Heldurðu að aumingja eins og mig langi ekki að trúá á kærleiksríkan guð?

*Póra brosir á móti. Sæluprungin gleði fyllir huga hennar. Hún gleymir að svara. Þögn. Hann hallast fram á stafinn.*

(*Lágum og þýðum rómi*). Þegar ég var drengur á fermingaráldri, fékk ég einu sinni að fara á söngskemmtun í þorpinu, þar sem ég átti þá heima. Á þeim árum var allur hugur minn við söng, og allt sem hreif mig, talaði þá í tónum. – Þarna voru margir, sem sungu, karlar og konur, en frammi fyrir þeim stóð söngkennarinn, sem stjórnaði öllu í söngsalnum, og allra augu mændu á hann, engir ósamróma tónar máttu trufla fegurðarhrifin.

Þetta var um hávetur, hjarn yfir öllu, eins og núna, og heiðrík og stjörnuþjört kvöld. Þegar rökkva tók, læddist ég einn upp á brekkuna fyrir ofan bæinn, og þar lifði ég upp aftur í huganum það, sem gerðist um kvöldið í söngsalnum. – En þá voru stjörnurnar söngflokkurinn og guð sjálfur sá, sem stýrði þessum óendanlega skara. Hann bjó einhverstaðar í bládjúpum geimnum á stórri sól. Allar stjörnurnar urðu að fylgja hverri bendingu hans, svo að samræmið héldist. Ég sá nýjar stjörnur bætast í hópinn. Þær gripu inn í sönginn og trufluðu ekki samhljóminn.

*Talar eins og í leiðslu og eins og hann sé að tala við sjálfan sig.*

Og mér fannst vitund mín reika meðal stjarnanna, og sál mín varð ölvuð af brennandi þrá, eins og sál útlagans, sem leitar að heimkynni sínu eftir langa fjarveru. – Þá hefði ég ekki verið hræddur við að deyja.

#### ÞÓRA

(*Lágt*). Við erum gestir – gestir á þessari jörð.

#### GRÍMUR

*Hrekkur saman, svipurinn breytist og málrómurinn verður kaldur.*

Heilaspuni – allt saman. Þegar ég rankaði við mér, stóð ég þarna fáklæddur og skjálíandi af kulda. Ég lá veikur það sem eftir var vetrarins. – Síðan hefir hvíti dauðinn brotið niður varnarvirki líkamans, eitt af öðru. – Og ég hef ýmist leitað dauðans í ofsakenndum tryllingi eða flúið hann í brennandi angist. – Það er veruleikinn. – Hitt var draumur – sem mann dreymir á svona fögrum kvöldum. – Þá verða allir skáld.

*Hann hlær við og gengur í átt að bænum. Þóra tekur tóman balann og gengur einnig heim.*

#### HÚSBÓNDINN

*Jón stendur við stofugluggann í Hlið og horfir út. Það er engu líkara en hann sé að telja saman snjóflyksurnar. Hann býr sig undir að áminna Þóru systur sína. Æfir sig lágt: „Það er vitleysa sem þú ert að gera, Þóra. Þú verður að hætta við það.“ Þóra kemur inn.*

#### ÞÓRA

*(Brosleit og ánægjuleg).* Hvað viltu mér, Jón? Þú gerir boð eftir mér. Ég man ekki eftir því, að þú hafir kallað mig á eintal síðan þú sagðir mér frá giftingunni þinni. Þú ætlar þó aldrei að fara að bjóða mér mannsefni? *(Hlær glettnislega).*

JÓN

*Hrekkur saman, hvarflar aftur og fram um gólfið. Veit ekki hvernig hann á að byrja.* Ég vildi að satt hefði verið, systir mín. Mig tekur svo sárt til þín. *(Klökkvi í röddinni).*

ÞÓRA

*(Góðlátleg glettni í augunum).* Heldurðu að mig langi svo mikið til að giftast núna?

JÓN

*Við gluggann, klórar hélublett af rúðu.*

Ég ætla að tala um ofurlítið við þig. Það er um hann Grím.

ÞÓRA

*(Alvarleg).* Hvað er um Grím?

JÓN

Þú ert of mikið hjá honum, alltof mikið. Fólk er farið að taka til þess, fyrir löngu.

*Réttir úr sér. Ánægður með dirfsku sína. Þóra horfir í augu hans. Hann lítur undan.*

ÞÓRA

Er ég ekki frjálst að fara ferða minna fyrir öðrum?

JÓN

*Skefur meiri hélu af rúðunni.*

Það er dýrmætt – mannorðið.

ÞÓRA

Samt er tekið harðara á þeim, sem taka þveng eða þráðarspotta í leyfisleysi, en hinum sem stela mannorði annarra.

JÓN

Allir menn eru breyskir.

ÞÓRA

*(Brosir).* Já, já, auðvitað.

JÓN

Það hefur séð til ykkar, fólkið.

ÞÓRA

Hvað? *(Kaldur, þvingaður hlátur).*

JÓN

Ýmislegt. Einhver sá þig koma á nærfötunum fram úr húsinu hans eina nóttina. Og þá nótt var hér ókunnug kona.

*Þóra roðnar, Jón réttir úr sér og lítur niður á hana.*

Þú getur ekki borið á móti þessu, systir mín.

ÞÓRA

Ég ber ekki á móti því.



JÓN

(*Með sársaukakenndri ávítun*). Hvernig gastu orðið svona blind? Þú sem ævinlega hefur verið svo siðsöm og stillt?

ÞÓRA

*Færir sig nær honum og horfir á hann tárnotum augum.*

Og þú trúir því, þú sem þekkir mig svo vel, að ég sé svona léttúðug – svona ástríðurík að ég hafi þess vegna farið inn til hans um nóttina. Til þess hefði þurft meira en meðalkvenmanns hugrekki. Það hefði verið – karlmannlegt. (*Hlær, en tárin streyma niður kinnarnar*).

JÓN

*Ráðalaus. Hvarflar eirðarlaus um stofuna.*

Kallaði hann á þig?

ÞÓRA

Nei.

JÓN

Þú hlýtur að gera sagt frá því, ef allt er hreint og saklaust.

ÞÓRA

Nei, ég hef heitið því, að segja engum það.

JÓN

Ekki einu sinni mér? Við sögðum hvort öðru allt – einu sinni.

ÞÓRA

Þú segðir konunni þinni frá því og það fréttist svo um alla sveitina.

JÓN

Þú hefur aldrei kunnað að meta Margrétu. Ég veit það.

ÞÓRA

Það getur vel verið. En það gerir ekkert, úr því að þú kannt að meta hana – og hún þig – nú orðið.

*Þögn um stund. Andar gremju frá báðum hliðum.*

JÓN

Þú veist ekki hvað hún vill þér vel. Hún segir að þetta geti öllum viljað til, eins þeim sem treysta sér vel. Og hún vill útvega stúlku til að þjóna Grími, svo að þú þurfir ekki að koma þar nærri. En þú átt að vera í hjónaherberginu dag og nótt, meðan þetta er að gleymast. Þú trúir því ekki, hvað hún hugsar mikið um þetta. (*Heitur af aðdáun*).

ÞÓRA

(*Brosir kuldalega*). Já, ég veit að hún hugsar mikið um það. Óþarflega mikið.

JÓN

Hún er að hugsa um sóma heimilisins og sóma þinn.

ÞÓRA

Sóma heimilisins?

JÓN

Og hún segir, að þó að þú slyppir frá þessu laus og liðug, sem óvíst er, þá er hættan eftir þegar maðurinn er gegnsýrður af tæringu. Læknirinn sagði – að ef sár kæmi á einhvern

hnútinn, eða ef hann fengi hósta og uppgang, þá þyrfti nákvæma aðgæslu til þess að umgangast hann hættulaust. Best væri að koma honum á sjúkrahús – –.

ÞÓRA

Hann fer aldrei á sjúkrahús.

*Rödd hennar titrar af geðshræringu, en hún er ákveðin og einbeitt.*

JÓN

*(Augu Jóns verða kringlótt).* Þig langar þó líklega ekki til að veikjast? *(Liggur við að kjökra).*

ÞÓRA

Ég hef haft þá varúð sem mér er unnt – eins og hún Margrét veit – ef hún vildi segja það. Ennþá er hættan ekki meiri en hún var í haust þegar hann kom. En fari svo að hættan aukist, þá getið þið gert ráðstafanir til þess að útiloka hann algerlega frá umgengni fólksins. En ég yfirgef hann ekki – ég hjúkra honum til dauðans, eins og hann væri bróðir minn.

JÓN

*(Seinlega).* Það er svo sem auðheyrt, hvað þér þykir vænt um hann.

*Viljafesta hennar er að ná valdi yfir honum.*

ÞÓRA

Það er satt, mig tekur sárt til hans – sárara en nokkurs annars. Ég veit ekki af hverju það kemur. Ef til vill er það meðfram af því að ég veit að hann á að öllum líkindum langt og kveljandi stríð fyrir höndum – bæði á sál og líkama. En þó að þú gætir lesið í huga minn eins og opna bók, þá myndir þú ekki sjá þar eina einustu hugsun í sambandi við hann, sem ég þyrfti að skammast mín fyrir. Svo ráðið þið hverju þið viljið trúá.

*Gengur burt úr stofunni, alvarleg og ákveðin í hreyfingum.*

JÓN

*Höggdofa og úrræðalaus.*

Það veit ég að Margrét trúir því ekki. Guð má vita hvernig þetta fer, en ég get ekki ráðið við það – get ekki.

## **MÓÐURMÁLID**

*Vaka. Grímur situr uppi við herðadýnu og les í bók. Þóra kemur inn, tekur rokkinn sinn í horninu að hurðarbaki og gerir sig líklega til að fara.*

GRÍMUR

*(Í auðmjúkri bæn).* Því ætlarðu ekki að sitja hérna?

*Þóra snýr sér við í dyrunum og sest þegjandi á ferðakistuna við rúmgaflinn. Tekur að spinna af kappi og horfir stöðugt ofan á hendurnar á sér. Hann heldur á bókinni eins og hann sé að lesa en fylgir hverri hreyfingu hennar með augunum.*

GRÍMUR

*(Viðkvæmur en glettinn).* Hef ég verið vondur í dag?

ÞÓRA

*Lítur til hans snöggvast með undrunarsvip.*

Þú? Nei.

GRÍMUR

*Leggur frá sér bókina og horfir á Þóru.*

(Brosandi). Um kvöldið þegar ég hafði mestu kvalirnar í bakinu og þú komst hérna inn með rokkinn þinn og fórst að spinna, þá gerðir þú það víst til að rétta mér hjálparhönd, ef á þyrfti að halda.

ÞÓRA

*Fremur döpur, kraftlítill.*

Já, mér leiddist að vita þig einan hérna, þegar þér leið svona illa.

GRÍMUR

En þú þurftir ekki að rétta mér hjálparhönd. Ég lá hérna hreyfingalaus og bar varla af mér fyrir kvölum. Svo fór rokkurinn að suða svo yndislega og hendurnar á þér færðust mjúklega fram og aftur eftir þræðinum. En ég horfði á þig og hlustaði eftir rokkhljóðinu og rokkhljóðið varð að þýðum söng, samstilltum við hreyfingar þínar og það söng alltaf: friður, friður. Svo þegar ég fór loksins að hugsa um sjálfan mig, þá var ég orðinn miklu betri. Þú manst að ég sagði að mér væri að batna.

ÞÓRA

Já, ég man það. Rokkhljóðið hefur læknað þig.

GRÍMUR

*Hún lítur ekki upp, en hann sér á vanga hennar að hún brosir.*

Já, þú mátt hlæja að mér; en ég get aldrei vanið mig af því, að heyra hljóðið tala. Þegar ég var drengur heyrði ég alltaf hvað rokkurinn hennar mömmu sagði. Þegar vel lá á öllum sagði hann: gaman, gaman. En þegar mamma átti eitthvað bággt og illa lá á henni, þá heyrðist mér rokkhljóðið allt öðruvísi; þá sagði það stundum: grátur, grátur, eða vondur, vondur. Og í kvöld finnst mér rokkurinn þinn segja það. Þess vegna spurði ég að þessu áðan.

Ég er svo ósköp vanstilltur, en þessi kvöld hef ég verið að reyna að tala ekki um neitt sem þér þætti leiðinlegt að hlusta á, og mig hefur langað til að þakka þér á hverju kvöldi.

ÞÓRA

Þú hefur þakkað mér á hverju kvöldi, og samt hef ég ekkert gert annað en að sitja hérna, lengst af þegjandi.

GRÍMUR

En mér hefur liðið svo vel. Það er svo líkt eins og á kvöldin, þegar ég var að sofna og mamma sat á rúmstokknum mínum og spann. Fyrst hlustaði ég á raddirnar í rokkhljóðinu þangað til þær runnu saman við óljósa draumakennd. Og svo hrökk ég oft upp við það, að mamma laut ofan að mér og hvíslað: „Gleymdirðu ekki að lesa bænirnar þínar, vinur minn?“

ÞÓRA

*Leggur hendurnar í kjöltu sér og hallast fram á rúmgaflinn.*

Og ef ég segði nú þetta sama við þig eitthvert kvöldið?

GRÍMUR

*Horfir hlýtt í tárbot augu hennar.*

Þá færi ég líklega að rifja upp eitthvað af bænunum sem ég hef ekki lesið síðan ég var um fermingu. (*Sálir þeirra mætast í djúpri þögn*). Hefur þú aldrei heyrt – þetta sama sem ég var að tala um – raddir, sem tala.

ÞÓRA

(*Brosir feimnislega*). Jú, þegar ég var barn þá heyrði ég þetta oft, en þorði engum að segja frá því; það hefði þótt svo vitlaust. Ég man það eitt vor, það var glaða sólskin og besta veður. Bæjarlækurinn valt fram kolmórauður og niðurinn úr honum heyrðist langar leiðir. Fólkið var að vinna á túninu, ég var þar skammt frá og hlustaði á golupytinn og vatnaniðinn; og eftir nokkra stund féll ég í einhverja leiðslu og mér fannst allt fara að tala. Golan talaði við grösín, fuglarnir og flugurnar töluðu í loftinu. En hæst af öllu talaði bæjarlækurinn og mér fannst hann vera að segja hinu öllu, hvernig það ætti að þroskast og dafna og nota sumartímann.

Ég hugsaði: Það var guð, sem var að tala í læknum sem bar nú boðskap guðs langar leiðir. Ég varð svo gagntekin af þessari hugmynd að ég hljóp til fólksins og hrópaði hástöfum:

„Ég heyrði guð tala. Hann er að tala í læknum“.

Unga fólkið fór að brosa, en pabbi tók í handlegginn á mér og leiddi mig afsíðis. „Þú mátt aldrei rugla svona vitleysu, Tóta mín. Það er að leggja guðs nafn við hégóma. Guð talar aldrei við mennina, nema í samvisku þeirra. Mundu það og vertu nú góð stúlka“. Og svo strauk hann kollinn á mér og gekk til vinnu sinnar. En ég stóð grátandi eftir og þorði aldrei framar að tala um þessar raddir sem ég heyrði.

#### GRÍMUR

*Horfir á hana leiftrandi augum.*

Þú hefur ekki þorað að tala um það fegursta og dásamlegasta sem þú þekkir, vegna þess að aðrir voru skilningssljóir og þröngsýnir. Og svo hefurðu hætt að hlusta.

#### ÞÓRA

Ég hugsaði að það væri synd. Ég trúði því fram á fullorðinsár. (*Brosir rólega*). En nú veit ég, að guð talar í læknum – og allsstaðar. En ég get ekki heyrt það á sama hátt og áður. Ég finn það fremur en heyri. (*Fer að spinna*).

#### GRÍMUR

Það er hart þegar menn verða að dylja sína dýrustu reynslu fyrir vinum og vandamönnum sínum, vegna þess að þeir skilja hana ekki. Það er eins og útlendingar byggju saman og töluðu sitt tungumálið hver, og enginn gæti lært að skilja annað en það allra hversdagslegasta. Hitt yrði allt að vera ósagt.

Jörðin er eins og stórt veitingahús. Þangað safnast allra þjóða menn. Og hverjum einstökum finnst það dásamleg heppni, ef hann af tilviljun heyrir einhvern tala sitt eigið móðurmál. (*Er orðinn æstur*).

#### ÞÓRA

Reynslan sýnir samt, að þeir fella ekki betur skap saman, sem gæddir eru sömu hæfileikum.

#### GRÍMUR

Það er undarlegur þrái í þér að halda þessu fram – en hvað sem öðru líður, þá kemst bræðralagshugsjónin aldrei í framkvæmd fyrr en allir fylgjast að, andlega – allir skilja alla.

#### ÞÓRA

Það tungumál er til sem allir skilja. (*Horfir á hann með föstu og rólegu augnaráði*). Það tungumál, er óeingingjarn kærleikur.

*Þögn um stund.*

#### GRÍMUR

Ég skal nú segja þér, hver áhrif það hafði á mig að heyra móðurmálið mitt, þegar ég var búinn að vera með þeim sem ekki gátu talað það. (*Talar stillt og æsingalaust*). Ég flæktist til Noregs eitt haustið með síldarskipi. Ég var búinn að vinna með norskum mönnum, sem á því voru,

allt sumarið; þeir buðu mér ókeypis far til Noregs. Við töluðum allt sumarið þetta hrognamál, sem allir skilja í síldarverunum; það var ekki norska og því síður íslenska.

Við komum til Kristjánssands seint á degi; ég flæktist ásamt nokkrum félaga minna um bæinn og að því búnu fórum við inn í vínsöluhús og settumst að drykkju. Þarna voru sjómenn og skræpulega klæddar daðursdrósir sem horfðu frekjulega á karlmennina og drukku og reyktu með þeim.

Vínið steig mér til höfuðs og andrúmsloftið þarna inni hafði æsandi áhrif á taugar mínar. Einn félagi minn sagði að sér væri alveg sama hvern fjandann hann gerði þar sem enginn þekkti hann, og þessi orð voru að reka síðustu leifarnar af sómatilfinningu minni á flótta.

Þá varð mér litið á tötrum klædda konu, sem stóð í einu horninu skammt frá okkur. Hún hélt á litlum dreng, á að giska þriggja ára gömlum. Hann var jafn ræfilslega búinn eins og hún, og bæði voru skínandi horuð. (*Þóra hættir að spinna*).

Þau voru búin að vera þarna um stund og enginn virtist veita þeim eftirtekt, en ég gat ekki annað en horft á þau, og gerði mér þó enga grein fyrir því, hvað það var, sem sérstaklega dró athygli mína að þeim.

En svo kom skýringin. Litli drengurinn horfði vatnsbláum augunum á mömmu sína, og sagði – á íslensku:

„Er pabbi hérna?“

„Nei, nei“, sagði hún vonleysilega. Svo gerði hún sig líklega til að fara, en þá var eins og kraftar hennar þrytu og hún hneig niður á auðan bekk við dyrnar.

En mér varð svo mikið um þetta, að ölvíman rann af mér á augabragði. Hún var íslensk. Hún var alin upp í einhverjum dalnum milli íslensku fjallanna, eða á einhverri ströndinni meðfram sjónum. Hún hafði andað að sér sama loftinu eins og ég, séð sömu björtu júní-næturnar og sömu leiftrandi norðurljósin. Ég varð svo utan við mig af fögnuði, að ég gleymdi öllu öðru. Og ég leitaði í vösum mínum og tók alla þá peninga, sem ég mátti án vera þá í svipinn, og rétti þá að henni. „Kauptu fyrir þetta kvöldverð handa ykkur“, sagði ég blátt áfram, en ég hefði getað faðmað þau bæði að mér.

#### ÞÓRA

*Tekur aftur til við að spinna.*

En ef allir hefðu talað þetta sama mál, þá myndi þér ekki hafa fundist til um það, og orð drengsins hefðu þá ekki lyft þér upp úr hversdagsskapi.

#### GRÍMUR

(*Með gáska*). Þú ert þrætugjörn í kvöld. Ég heyrði það líka á rokkhljóðinu, að þú varst ekki í góðu skapi.

#### ÞÓRA

Það er sjálfsagt ekki ævinlega jafn auðvelt að vera í góðu skapi. (*Hættir að spinna. Með alvörubunga*). Annars ætlaði ég ekki að móðga þig með þessu.

#### GRÍMUR

Það ætlaði ég heldur ekki að gera. (*Brosir raunlega*). Ég ætlaði einmitt að þakka. Ég vildi segja það, að útlendingurinn gleymir því, að hann er gestur, þar sem hann heyrir einhvern tala sitt eigið tungumál. – Ég hef gleymt því þessi kvöld.

*Þau horfa brosandí hvort á annað, eins og áhyggjulaus börn, sem gleymt hafa öllu nema stundinni, sem er að líða.*

### **ELDABUSKAN**

*Jónki kemur inn í baðstofuna og leiðir með sér gangandi fatahrúgu.*

JÓNKI

Sæli nú.

LILLA

Gott kvöld.

*Margrét fer að leysa sjöl og dúður utan af stúlkunni, en Jónki fer út til þess að koma hrossunum í hús. Lilla er klædd í ermastuttan kjól, sem nær niður á miðja leggi. Á milli kjólsins og skónna sjást bleikir silkisokkar.*

MARGRÉT

Komdu nú blessuð og sæl, og vertu velkomin hingað. (*Kyssir Lillu alúðlega og virðir hana fyrir sér*). Ósköp ertu að verða lík henni mömmu þinni. Hvað það er gaman að sjá þig. Þú hefur stækkað svo mikið síðan í hitteðfyrra. En hvað þú ert fín. Getur hún mamma þín látið þig eiga svona fín föt?

LILLA

Ég fékk þau í kaup hjá frúnni sem ég var hjá í fyrravetur, og sumt keypti ég fyrir vinnu mína í sumar.

MARGRÉT

Og silkisokka?

LILLA

Frúin gaf mér gamla sokka. Það er svo ansans ósköp „prakískt“ að vera í silkisokkum.

MARGRÉT

Komdu nú hérna inn í ylinn svo að ekki slái kulda að þér þegar þú ert svona hálfber.

*Opnar húshurðina. Jón situr á rúmi sínu og þæfir sokka milli handanna. Lilla heilsar og litast um.*

LILLA

(*Með undrunarsvip*). Er ekki fólkíð fleira en þetta?

MARGRÉT

Jú, það er hérna roskin stúlka, Þóra, systir hans Jóns míns, í húsi í hinum baðstofuendanum, og svo veikur maður.

LILLA

Jesús minn, veikur maður! (*Skelfingarsvipur kemur á hana*).

MARGRÉT

Ja-á, hann er nú ekki fráveikur. Það er heilsulítill aumingi, sem hefur misst annan fótinn.

LILLA

Almáttugur!

LILLA

Komdu sæl.

MARGRÉT

Þetta er Elín systurdóttir mín. Hún var vinnukona hjá fínni frú í kaupstaðnum í fyrra og í fiskvinnu í sumar í næsta þorpi. Nú ætlar hún að vera í Hlíð það sem eftir er vetrarins og kannski lengur ef henni fellur vel, eins og ég vona að verði.

ÞÓRA

Það vona ég líka.

MARGRÉT

Elín á að taka við eldhússtörfunum svo að þú getir hér eftir verið eins og þú vilt helst. (*Brosir. Þóra skynjar illkvitni, svo að hún gegnir engu. Ljósabreyting*).

-----

*Jónki stendur í eldhúsinu og horfir á Lillu stórum aðdáunaraugum. Mjólk skvettist úr bala.*

LILLA

(*Áhyggjulaust*). Almáttugur. (*Lítur skyndilega til Jónka. Hlær*). Á hvað ertu alltaf að glápa?

JÓNKI

(*Hálfvandráðalegur*). Svo sem ekki neitt.

LILLA

Jú, víst hefur þú alltaf verið að horfa á eitthvað síðan þú komst.

JÓNKI

(*Híkar*). Nei. Ekki nokkurn skapaðan hlut.

LILLA

(*Horfir hrekkjalega á hann*). Jesús minn! Að sjá þig með yfirskegg. (*Skellihlær*).

JÓNKI

(*Roðnar. Í fátí*). Hvað er að því?

LILLA

Enginn finn maður lætur sjá sig með skegg; það er ekki móður. Svei! Að hugsa sér að nokkur vilji kyssa í andstyggðar skeggið. (*Veltist um að hlæja. Jónki gengur þegjandi burt. Kemur fljótlega aftur skegglaus. Stoltur*). O-ó. (*Baðar út höndunum í ofsakæti*). Jæja, sjáum til. Þú ert nú annars ekki svo galinn, þegar þú ert laus við bannsett skeggið.

Jónki teygir úr sér, ræður sér ekki fyrir kæti.

## NÓTTIN HELGA

*Jólanótt. – Nóttin helga. Það er jólasvipur á litla herberginu í Hlíð. Allt er hreint og fágað; hvít tjöld fyrir glugganum og dúkur á borðinu. Vegglampinn stendur á því miðju með logandi ljósum. En hann sem á að njóta birtunnar, snýr sér til veggjar og lætur sem hann sofi. Grímur hefur verið undarlegur um tíma, ýmist duttlungafullur eða ofsakátur. Ýmist afundinn og óþýður eða barnslega ástúðlegur. Þóra er hrædd við þessa breytingu. Hún forðast að vera inni hjá honum nema stuttar stundir, en hugur hennar dregst að honum með kynjalegu seiðmagni.*

*Í sálum Gríms og Þóru er barátta háð milli helgasta og hreinasta kærleikans sem þróast hefir í mannheimi, og nautnasjúkrar ástar sem blossomar upp í einu handtaki eða tilliti.*

*Þóra kemur inn í herbergið, klædd bestu fötunum sínum. Hún hefur fléttað mikla, bjarta hárið í fjórar fléttur og brugðið því í lykkjur, sem ná næstum því niður að mitti, þegar endarnir eru nældir undir húfubrunina. Breiður, ljósblár silkiborði er knýttur í slaufu yfir brjóstunum. Hún er rjóð í kinnum og skýrlegu, bláu augun hennar glampa af geðshræringu.*

*Grímur rís upp við olnboga og horfir á hana annarlegum og þrútnum augum.*

ÞÓRA

*Brosir og réttir honum hikandi höndina.*

Ég kom til að óska þér gleðilegra jóla.

*Hönd hans er köld og stöm. Hún ætlað að draga höndina að sér aftur, en hann sleppir henni ekki.*

GRÍMUR

*Áfjád spurning í augum hans.*

Þú, Þóra. Kemur þú með gleðileg jól til mín?

ÞÓRA

*(Lágt).* Ég kem með óskina um þau.

*Hún flýr tillit hans. Hann tekur þétt um hönd hennar og dregur hana að sér, svo að hún verður að setjast á rúmið fyrir framan hann og hann færir andlitið nær henni og starir á hana með ofsakenndri aðdáun.*

GRÍMUR

Því ertu svona falleg – Þóra? Ég vildi að þú hefðir verið ljót. Þegar ég sá þig fyrst, þá sýndist mér þú gömul – og ljót. Það var búið að segja mér að þú værir sérvitur kelling með bládropóttan klút í skýlu, og ég hló, þegar ég sá klútinn. Ég vildi, að þú hefðir verið gömul og ljót, eins og mér sýndist þá. – En eitt kvöldið, þegar við vorum að tala saman, þá sá ég að þú varst falleg. – Í kvöld ertu ung og fögur. Ég hræðist þig – þú –

ÞÓRA

Ef þú ert hræddur við mig, þá ætla ég að fara. *(Hlær ernislega og gerir sig líklega til að fara).*

GRÍMUR

Taktu ekki mark á því sem ég er að rugla. – Ég er veikur. – Það er eitur í blóði mínu. – Sorgin lamar mig – og fögnuðurinn gerir mig trylltan. – Ég hræðist sjálfan mig.

ÞÓRA

*(Lágt).* Vesalings bróðir minn.

GRÍMUR

Engin systir gæti verið bróður sínum svona góð. *(Hún gegnir ekki. Hann tekur fastar um hönd hennar.)* Mig langar að segja þér nokkuð, sem ég hef verið að hugsa um nú undanfarna daga. Mér finnst ég vera að frískast. Ég hef enga kvöl fengið í bakið í marga daga. Getur það ekki verið eintóm vitleysa að ég sé alvarlega veikur? Læknunum getur missýnst. Sumir fá vonda gigt í bakið og batnar aftur. Það kemur oft fyrir að læknar þekkja ekki sjúkdóma. Og ef þetta gæti batnað og ég komist á fætur, þá gæti ég unnið og byrjað nýtt líf – nýtt – líf. *(Rennir til hennar löngunarblíðum augum).*

ÞÓRA

*(Lágt, brosir raunalega).* Vesalings bróðir minn.

GRÍMUR

*Augu hans fyllast af tárur.*

Þú trúir þessu ekki, ég sé það. Meistarinn frá Nasaret sagði að trúin flytti fjöll. En enginn á trú til að lækna mig – ekki ég – ekki þú. *(Þau horfa hvort á annað í þögulli örvæntingu).* Mér finnst þetta svo undarlegt að þegar ég ligg svona í rúminu og finn ekkert til, þá er dauðinn að læsa sig um líkama minn og eitra lífsvökvann í æðum mínum. *(Réttir fram hendurnar).* Líttu á þessar hendur. Þær eru hvítar og beinar, engin blettur eða hrukka. Einhvern daginn, bráðum, eða í sumar, hættir blóðið að streyma um þær. Þær stirðna upp, svo koma bláir



flekkir. Þær rotna sundur og verða að dufti, sem ekki þekkist frá moldinni sem við göngum á. Þetta er lífið. – Gjöfin, sem menn eiga að þakka. (*Hlær hástöfum*).

PÓRA

(*Blíðlega*). Nei, þetta getur ekki verið lífið, – eða tilgangur þess.

GRÍMUR

(*Byrstur*). Hvað er það þá?

PÓRA

Ég er hrædd um að þér nægi ekki þær skýringar, sem ég get gefið. (*Brosir dapurlega*). Þú hefur lesið „Brand“ eftir Ibsen?

GRÍMUR

Já, ég á öll skáldrit hans.

PÓRA

Það hefir fátt gripið mig eins og það, sem hann lætur Brand segja, þegar hann er búinn að leggja allt í sölurnar fyrir hugsjón sína: „Sigursæld er öllu að glata“ og „allt ef missir, allt þú vinnur“ – það er sigursöngur andans yfir efninu.

GRÍMUR

Já, það lætur vel í eyrum. En Ibsen hefur aldrei staðið í sporum Brands. Hann hefir setið í ríkmannlegri stofu við allsnægtir og með aðdáun þjóðarinnar að baki. Skáldin myndu sjaldan hafa hugrekki til að fylgja hugsjónamönnunum, sem þau skapa á hrifningarstundum. – Og hver getur vitað nema hrifningarstundirnar séu höfuðórar sjúkra manna.

PÓRA

*Stendur snögglega á fætur og horfir á hann leiftrandi augum.*

Og þetta getur þú sagt, þú, sem hefur vald til að láta strengjahljóðið tala; þú sem fylltist guðmóði og andagift, þegar þú minntist á hrifningar-augnablik frá æskudögum þínum, svo að ég horfði á þig með lotningu og aðdáun. (*Hún dregur gluggatjaldið til hliðar*). Líttu á þessa dýrðarsjón! Líttu á fjallið sem ber við heiðan himin. Það er hvítt og hreint eins og sakleysið. Og þarna blikja stjörnur í fjarska; þær eru ímynd óendanleikans. – Nú skal ég rétta þér hönd mína og við skulum leiðast þangað og hlusta á sönginn sem þú heyrðir þá.

GRÍMUR

Ég get ekki hlustað eins og þá. Hugur minn var þá hreinn eins og hjarnið á heiðarbrúninni. (*Augun blossa og varirnar titra*). Nú er hann bundinn af jarðneskri þrá. Ef ég tæki hönd þína nú, þá myndu stjörnurnar dansa og hugur minn ekki heyra annað en brúðsöngva.

PÓRA

(*Náföl og óstyrk, talar hægt og skýrt*). Stjörnurnar dansa ekki eftir brúðsöngvum jarðarbúa. Sólin dansar, þegar kærleikurinn er vaxinn upp úr öllum jarðneskum kröfum – ekki fyrri.

*Þögn. – Hann hallast upp að koddanum, fölur og óstyrkur, með lokuð augun. Hún gengur hljóðlega fram og aftur.*

(*Hlýlega*). Á ég að segja þér sögu?

GRÍMUR

(*Þurrlega*). Ég held ekki. (*Hún snýr þegjandi fram að dyrum. Hann rís upp við olnboga*). Þú ætlar þá að yfirgefa mig. Þú komst inn til mín með jólagleðina og ætlar svo að fara með hana aftur.

PÓRA

(*Brosir, ekki laus við glettni*). Þú vildir ekki hlusta á mig.

GRÍMUR

Hver segir það, að ég vilji ekki hlusta á þig? Komdu með söguna. Ég skal hlusta á hana, hvernig sem hún er.

ÞÓRA

*Sest á ferðakistuna við rúmgaflinn; horfir beint fram undan sér eins og hún sjái eitthvað í fjarska þegar hún byrjar á sögunni. Bjart ljós fellur á hana.*

Það var einu sinni lítil stúlka; hún heyrði talað um ást. Hún las um ástina í sögum og kvæðum.

*Stúlka kemur inn og sest til hliðar á sviðinu – dauft ljós á henni. Til að byrja með er hún barnsleg en smám saman þroskast hún í hreyfingum og málrómi.*

Skáldin vegsömuðu ástina; hún var það eina, sem veitti mönnunum fullsælu á þessari syndum spilltu jörð. Litla stúlkan heyrði unga fólkið tala um ástina; augu þess glömpuðu og bross þess sögðu meira en mörg orð. Og litla stúlkan fór til ungu stúlkanna og spurði . . .

LITLA STÚLKAN

Hvað er ást?

ÞÓRA

(*Hlær*). Hvað varðar þig um það, barn?

LITLA STÚLKAN

Er þá ekki ástin til?

ÞÓRA

Jú, víst er hún til. Þú færð að vita einhvern tíma hvar hún er. Þegar vorið kom og grösín fóru að gægjast upp úr moldinni laut litla stúlkan niður að bómkrónunum.

LITLA STÚLKAN

(*Beygir sig niður. Hvíslar*). Þekkið þið ástina, litlu blóm?

ÞÓRA

En blómin hneigðu sig örlítið í vorblænum eins og þau vildu segja: „Já, við þekkjum hana. En svo sögðu þau ekkert meira. Og þegar fuglarnir fóru að byggja hreiður sín, tveir og tveir, þá hugsaði stúlkan með sér:

LITLA STÚLKAN

Þetta er víst ástin. Þeir tala saman á sínu máli. Samstilltar sálir. Söngur þeirra ber vott um gleði og sælu. Þetta hlýtur að vera ástin.

ÞÓRA

Stúlkan varð gjafvaxta mæ. Hún þótti lagleg og margir renndu hýrum augum til hennar. Þá sá hún ungan mann, sem brosti öðruvísi en hinir. (*Horfir út í sal á ungan dreng*). Hún brosti á móti og augu þeirra og hjörtu mættust í þessu brosi. Þau störfðu hvort á annað ástföngnum augum, og munúðarvíman sté þeim til höfuðs; varir þeirra mættust í löngum kossum, sem brenndu sig út í hverja taug, og faðmlög þeirra urðu æ heitari og æstari. Þá sá stúlkan tryllta þrá í augum unnusta síns.

STÚLKAN

Hann er ekki lengur fallegur. (*Snýr sér frá. Niðurlút*).

ÞÓRA

Hver hreyfing hans var krafa til þess að fullnægja blindri náttúruhvöt. Hún dró sig úr faðmi hans og hratt honum frá sér. Hvað á þetta að þýða? Þú elskar mig ekki eins og ég elska þig sagði hann?

STÚLKAN

Nei, ég elska þig ekki lengur. Ég er hrædd við þig. (*Með hryllingi*). Þú ert ljótur.

ÞÓRA

En unga stúlkan hélt áfram að spyrja um ástina.

STÚLKAN

Gömlu mennirnir hristu gráhærðu kollana sína þegar ég spurði þá um fullsælu ástarinnar. Þeir sögðu: „Nei við þekkjum hana ekki. Það fór allt öðru vísi en við hugsuðum. Konurnar urðu fljótt öfluglyndar. Draumarnir um friðsæla daga sukku niður í áhyggjur og matarstrit“.

ÞÓRA

Þá fór stúlkan og spurði gömlu konurnar: „Þekkið þið fullsælu ástarinnar?“ En gömlu konurnar andvörpuðu, svo að þurrsogin brjóstin sýndust stærri.

STÚLKAN

Nei, nei, sögðu þær. Hvernig dettur þér það í hug. Mennirnir eru breyski og ófullkomnir, og þegar við lærum að þekja þá eins og þeir eru, þá deyja vonir okkar og ævi okkar verður tilbreytingalaus þrældómur fyrir ósanngjarnar kröfur.

ÞÓRA

En – móðurástin. Hún er fórnfús og falslaus.

STÚLKAN

Já, við þekktum hana meðan börnin okkar voru veik og vanburða, meðan þau lágu við brjostið og við bárum þau í faðminum. En þegar þau urðu fullorðin, hvarf hugur þeirra frá okkur að meira eða minna leyti. Við eigum þau ekki lengur eins og áður. (*Stúlkan fer hljóðlega út*).

ÞÓRA

Þá skildi stúlkan það að sæla ástarinnar þrýtur þar, sem kröfurnar byrja, að fullsælu er hvergi að finna nema þar, sem elskan er skilyrðislaus og heimtar ekkert. (*Byrgir andlitið í höndum sér*).

GRÍMUR

(*Lágt*). Er hún nú hætt að leita?

ÞÓRA

(*Í hálfum hljóðum*). Hún hefir beðið guð að gefa sér þessa ást, svo að hún geti farið með hana hreina og flekklausu inn í himin útvaldra.

*Það er hljótt nokkur augnablik. Margrét kemur inn í húsið. Full ljós koma upp. Þóru og Grími verður hverft við.*

MARGRÉT

Það á að lesa lesturinn. Ætlar þú ekki að koma, Þóra? (*Þóra stendur upp og lítur til Gríms*). Langar Grím til að heyra jólalesturinn?

GRÍMUR

Nei. (*Margrét fer en Þóra stendur hikandi í sömu sporum*). Þér er óhætt að fara núna. Mig langar einmitt til að vera einn.

PÓRA

(Brosandi). Heldurðu að mig langi svo mikið að fara?

GRÍMUR

Þú verður að fara. – Það er best. – Þakka þér fyrir söguna. Hún er góð handa veikum mönnum og rosknum konum, en ekki blóðheitum unglíngum. Þeir sannfærast ekki. – Það, sem er af jörðu, tilheyrir henni. (*Hlær glettnislega*). Og svo ætla ég að segja þér það, að – þú – nefnilega stúlkan, hefur aldrei elskað manninn, ég veit það með vissu. Og góða nótt. (*Réttir upp höndina*).

PÓRA

Ég kem inn til þín með jólamatinn, þegar búið er að lesa.

GRÍMUR

Nei, ég vil engan jólamat. Ég vil vera einn í kvöld.

PÓRA

Hvers vegna?

GRÍMUR

Þú þarft ekki að vera hrædd. Mér er óhætt – núna. (*Kveðjast með þegjandi handtaki*).

-----

*Jón situr á rúminu sínu og blaðar í Péturshugvekjum. Borðið er dúkað og það er búið að leggja á það. Allir sitja í sparifötunum sínum og ljósin loga allt um kring. Margrét situr á öðrum stólnum við borðið og er að leita að jólasálmunum í sálmabókinni. Þóra situr á hinum stólnum. Lilla er komin í fallega kjólinn sinn og silkisokkana. Hún situr á rúminu hennar Margrétu. Jónki kemur inn, þrúðbúinn og nýrakaður. Hann skimar í kringum sig eftir sæti – kemur sér ekki að því að setjast hjá Lillu.*

LILLA

(*Hlæjandi*). Hvar ætlarðu að sitja?

JÓNKI

(*Vandræðalegur*). Ég veit það svo sem ekki.

LILLA

Sérðu ekkert sæti?

JÓNKI

Ekki svona – eiginlega.

LILLA

(*Horfir á hann með ögrandi brosi*). Þeirðu ekki kannski að sitja hérna á rúminu hjá mér?

JÓNKI

*Tyllir sér hæversklega á rúmstokkinn.*

Jú, það þori ég nú reyndar.

*Margrét hleypir brúnum og ræskir sig og lítur alvarlega til þeirra. Jónki og Lilla brosa laumulega til hvors annars. Hún laumast til að gefa honum selbita, og hann grípur snöggvast utan um fingur hennar. Síðan togast þau á um klútinn hennar og Jónki nær honum.*

MARGRÉT

(*Þykkjulega*). Það er best að þú komir með mér fram, Lilla. Jónki láttu hana Lillu fá klútinn sinn.

*Jón og Þóra horfast vandræðalega í augu. Það er eins og öll gleði sé horfin. Jónki setur upp fýlusvip. Margrét og Lilla bera inn diska og könnur. Lilla sest á rúmið. Hún forðast að líta til Jónka.*

JÓN

Ætlið þið að syngja eins og vant er?

MARGRÉT

Ef Þóra vill syngja.

*Þær færa stólana nær hvor öðrum og syngja fyrsta erindið í sálminum: „Nú eru byrjuð blessuð jól“. Þær hafa laglegar raddir en ekki æfðar. Jólin eru hafin.*

Nú eru byrjuð blessuð jól,  
nú breiðir geisla skæra  
um grátheim lífs- og líknar-sól,  
oss líf og náð að færa;  
nú föllnu kyni fagna ber,  
því fædd á jörðu gleðin er;  
nú þraut of þung er engin;  
nú heyrist boðuð himni frá:  
Guð hefir þóknun mönnum á,  
hans ást er aftur fengin.

*Konurnar færast nær hvor annarri í söngnum:*

[Nú eru byrjuð blessuð jól | Ísmús](#)

[www.ismus.is/i/stanza/id-5320](http://www.ismus.is/i/stanza/id-5320)

**Nú eru byrjuð blessuð jól.** Hljóðrit. Dags, Safnmark, Efni, Heimildarmenn, #. 01.09.1970, SÁM 85/565 EF, **Nú eru byrjuð blessuð jól**, Bjargey Pétursdóttir, 24074 ...

JÓN

*(Vandræðalega).* Þá er komið að hugvekjunni hans Péturs.

*Stamandi hefur hann lesturinn, dregur seiminn í enda hveðrar setningar og les sum orðin áberandi vitlaust. Margrét lítur hvasst til hans, en Þóra lítur ekki upp. Hún er sokkin niður í eigin hugsanir.*

Drot - tinn! Þú hefur falsað (frelsað) sál mína frá dau – ð – anum, auga mitt frá tánnum (tárnum) og fót minn frá hrö – su – ninn – í. (Þessi þakkargjörð Davíðs konungs, þessi vitnisburður hans um náð og miskunsemi Drottins, ....).

*Fólkið verður hreyfingarlaust og ljós á því dofna. Lestur Jóns breytist í þöglar varahreyfingar með sama takti og áður. Ljósinn á Þóru skýrast.*

ÞÓRA

Hvers vegna má ég ekki koma inn til hans í kvöld? Ef hann vissi, hve mikið ég þrái að koma nú inn til hans aftur, að sjá hann brosa og heyra hann tala. Ef hann vissi að í kvöld hafði mér dottið í hug, að fleygja mér í faðm hans og gleyma öllu – sóttþættunni, dómum fólksins – öllu, drekkja því í módökku, tindrandi augunum hans, sem bæði geta orðið svo bitur og óendanlega blíð.

En, – vissi hann það ekki? Var það ekki einmitt þess vegna, sem hann vildi láta mig fara? Hann veit víst að ég er ekki annað en veik kona. En hann vill vera sterkur, svo að ég geti geymt minningu hans hreina eins og hvítt traf. (*Rankar við sér*).

JÓN

(Æ! Taktu þér bústað í vorum hjörtum og með þínum anda svo að vér heyrum þér til,) hvort sem vér lif - num (lifum) eða deyð – um (deyjum) svo að hvo - rki hið nálæga né hið ók – o – mn - a, hvorki l – í - f né dau - ði geti skilið oss (við þig). Amen. (*Allir taka undir amen*).

MARGRÉT

(*Reynir að brosa*). Jæja, við skulum þá hefja borðhaldið.

HLÉ

## JÓLADANS

*Jónki stendur við eldhúsbekkinn meðan Lilla sinnir eldhústörfum.*

LILLA

Jólin í sveitinni eru drepanði leiðinleg. Fólkið hangir hálfsofandi með gamlar guðsorðabækur eða læðist um bæinn með uppgerðar helgisvip, og ef gestir koma, fara bændurnir að tala um hrútana sína og ærnar, en konurnar nöldra eitthvað í hálfum hljóðum hver við aðra. Ég var vitlaus að vista mig í sveit, því að lífið í sveitinni er drepanði leiðinlegt.

JÓNKI

(*Áhyggjufullur*). Stundum er þó dansað í sveitinni.

LILLA

Svei! Þið dansið víst nokkuð; ekki hef ég séð það.

JÓNKI

Það var þó dansað hérna á milli jóla og nýárs í fyrra.

LILLA

En þér dettur samt ekki í hug að fá stofuna núna.

JÓNKI

Jú, ég hef einmitt alltaf verið að hugsa um það þessa dagana. Þætti þér ekki vænt um það?

LILLA

Almáttugur! Heldurðu, að mér þætti ekki vænt um það. (*Brún hennar léttist talsvert*).

JÓNKI

(*Himinlifandi*). Ég skal svei mér drífa upp ball á þrettándakvöldið, og þá skaltu fá að dansa, svo að þú verðir sárfætt í heila viku.

LILLA

(*Styður höndum á mjaðmirnar og veltir vöngum framan í Jónka.*) Ég skal kyssa þig reglulega góðan koss, reglulega yndislegan koss, þegar ballið er búið. (*Skellihlær – hika, segir dræmt*). Það er að segja, ef ballið verður eftir mínu höfði.

JÓNKI

(*Auðmjúkur*). Hvernig á það að vera?

LILLA

Fínt: kaffi, sígarettur, indæl músik og fallegir herrar. Ekki strákar, svona eins og þú og þeir hérna á bæjunum í kring. Laglegir piltar, sem gaman er að kokettera við.

JÓNKI

*(Fögnuðurinn hverfur af andliti hans).* Kok-ett-era. Það eru nú víst ekki margir piltar hér í sveitinni, sem þú kallar fallega.

LILLA

*(Hleypir brúnum og setur totu á munninn).* Nei, ég veit það reyndar. Það eru engir laglegir piltar í sveitinni. Þeir ganga hlykkjóttir með hendurnar í vösunum og kunna ekkert að haga sér, þegar þeir eru með stúlkum. Og fötin hanga utan á þeim eins og pokadruslur. *(Jónki kippir ósjálfrátt höndunum upp úr vösunum og hann verður aumingjalega úrræðalaus. Hún skellihlær).* Aumingja Jónki. *(Verður alvarleg á svipinn).*

JÓNKI

Aumingi, hvað?

LILLA

Ég dauðkenni í brjósti um þig. Þú ert svo hlægilega heimskur og trúgjarn — og góður. Það gæti hver einasta stúlka stungið þér í pilsvasa sinn.

Þú ætlar þér að gera það. *(Skjálfraddaður).* Þú ert að leika þér að því að — skaprauna mér.

LILLA

*(Snýr sér undan og fer að fást við eitthvað á eldhúsbordinu).* Ég — nei — það er að segja. — Ég ætlaði ekki að gera það.

JÓNKI

Það var þín vegna, sem ég ætlaði að koma dansinum af stað.

LILLA

*(Lágt).* Já, ég veit það.

JÓNKI

Langar þig þá ekki til að dansa?

LILLA

Jú. *(Lítur til hans borshýrum augum. Jónki gengur glaður burt, blístrar fjörugt danslag, þegar hann fer fram göngin).*

## HJARTASLÖG

*Það er komið fram á nótt. Harmónikuhljóð í fjarska. Grímur situr á rúminu og hallast upp að koddan, sem reistur er upp við þilið á bak við hann. Þóra situr á ferðakistunni framan við borðið og les upphátt.*

ÞÓRA

Hníg þú hóglega  
í hafskautið mjúka,  
röðull rósfagur!  
og rís að morgni,

frelsari, frjóvgari,  
fagur guðsdagur!  
blessaður, blessandi,  
blíður röðull þýður!

*Leggur bókina frá sér. Þögn.*

GRÍMUR

*(Horfir í gaupnir sér).* Ég get ekki hugsað neitt af viti í kvöld.

ÞÓRA

Svo; þú ert máski orðinn svo þreyttur og vilt fara að sofa?

GRÍMUR

Nei, ég sofna ekki í nótt. *(Hún lítur spyrjandi á hann).* Þessi ókyrrð og umgangur ískrar í taugunum og lætur mig engan frið hafa.

ÞÓRA

Finnst þér þetta svo mikill hávaði?

GRÍMUR

Nei. — Ég veit það ekki. — Ég held það sé margmennið — eða þessi ólgandi kæti umhverfis mig. Mér hefur oft fundist, að sál mín myndi vera eins og strengjahljóðfæri og hugsanir annarra snerta hana eins og fingur. Sumir framleiða þýða tóna, aðrir fá strengina til að kveina ömurlega.

ÞÓRA

Þér fellur svona illa að vita af gleðinni og glaumnum nærri þér.

GRÍMUR

*(Brosir dapurlega).* Ég skil það ekki — nei, en það er svo margt, sem myrkrið veit. Ég hef óskað þess af öllu hjarta þessa síðustu daga, að ég gæti látið þig lesa í huga minn, og að þar væri ekkert annað en saklaus og fögur ævintýri, sem menn segja góðum börnum. — Þú ert svo hrein. Þú þekkir ekki þorstann, sem kemur mönnum til að drekka allt — ólyfjan líka.

ÞÓRA

Mér finnst þessir dagar, sem við höfum setið og rætt hérna saman, vera þeir yndislegustu, sem ég hef lifað.

GRÍMUR

Já, mér fannst það líka fyrst. — En ég er orðinn þreyttur á að leita að hugsunum annarra í skáldritum, sem skrifuð eru af mönnum, sem lifðu löngu fyrir mína daga, á fjarlægum stöðum.

*Grípur annarri hendi um rúmgafllinn, en með hinni stafinn, sem rís upp við rúmið, og vindur sér fram á gólfið og staðnæmist frammi fyrir Þóru.*

Ég er svona vanstilltur eða hverflyndur; tilbreytingarleysið ætlar að gera út af við mig.

ÞÓRA

*(Stendur á fætur og horfir á hann óttaslegin).* Þér hefur þá leiðst. — Og ég, sem hugsaði, að skap þitt væri að kyrrast og þú værir búinn að sætta þig — við allt.

GRÍMUR



Í kvöld hef ég heyrt léttúðarhlátrana gjalla. Ég hef hlustað á það, hvernig dansinn er stiginn, og ég hef fundið æstar öldur frá ólgandi kæti leika um taugar mínar. — Og ég finn, að ég er ekki breyttur. — Ég segi þér það satt, að ef ég væri orðinn heill heilsu, þá myndi ég hafa fleygt mér út í iðuna, og ég hefði teygjað mér svölun í stundargleðinni, þó að eitthvað kynni að vera seyrð í síðustu dreggjunum. (*Horfir á hana með sársaukakenndu brosi*).

#### PÓRA

(*Neytir allrar orku til að hlæja glaðlega*). Þú ætlar að reyna að telja mér trú um þetta, þú, sem gast varðveitt þig hreinan á óhreinum stað vegna þess að óvita barn talaði þrjú orð á móðurmáli þínu, þú, sem hefur heyrt stjörnunar syngja undir stjórn guðs almáttugs, þú, sem tekur þátt í sársauka alls, sem þjáist. — Ég þekki þig nú og veit, að þú ert góður maður.

#### GRÍMUR

Ef ég gæti vitað það sjálfur. (*Lætur fallast niður í rúmið og blæs þreytulega*). Stundum hefur mér fundist ég vera óskabarn hamingjunnar. Ég hef mátt taka á öllu afli til þess að hrópa ekki hástöfum af fögnuði yfir því, sem engum öðrum myndi þykja nokkurs vert. Þau augnablik hef ég elskað allt og alla. Ég hef reynt að stíga létt til jarðar, svo að ég meiddi ekki moldina. — En svo koma stundir, þegar mér finnst ég stynja undir allri kvöl og eynd jarðarlífsins — og þá öfunda ég orminn, sem skríður í duftinu og veit ekki um neitt annað.

#### PÓRA

(*Sest í sæti sitt og fer að handleika bókina á borðinu. Talar fast og alvarlega*). Ég veit, að þú átt við miklar andstæður að stríða, en það eiga fleiri en þú. Og ég hygg, að það sé minni munur á tilfinningum manna, heldur en því, hvernig þeir geta lýst tilfinningum sínum.

*Tónlistin er þögnuð. Þau sitja þegjandi langa stund. Lilla kemur inn í herbergið, kafrijóð og heit.*

#### PÓRA

(*Stendur upp*). Hvað viltu, Lilla mín?

#### LILLA

(*Snýr upp á vasaklútinn sinn, niðurlút og vandræðaleg*). Harmónikan er ónýt. Þetta er bara andstyggilegur ræfill.

#### PÓRA

(*Brosir*). Á ég þá að koma fram með hárgreiðuna mína og spila á hana?

#### LILLA

(*Skellihlær*). Æi, já, góða Þóra, gerðu það. (*Vandræðasvipurinn kemur aftur*). Ó, ég ætlaði bara að spyrja hann Grím, hvort hann vildi nú ekki vera svo góður, að spila fyrir okkur svolitla stund, bara svolitla stund. Við gætum búið svo vel um hann á rúminu í svefnherberginu. (*Sækir í sig veðrið og færir sig nær Grími*). Ó, elsku besti Grímur! Þú verður svo góður að spila fyrir okkur. Ég er búin að veðja við strákana um það, að þú myndir spila einn klukkutíma — aðeins einn klukkutíma. (*Er komin fast að andlitinu á Grími, blíð og brosleit*).

#### GRÍMUR

(*Roðnar. Segir þurrlega*). Ég spila ekki fyrir dansi.

#### PÓRA

(*Með hægd*). Er ekki hægt að gera við harmónikuna?

#### LILLA

Uss, nei, hún er dottin í sundur. Hann Bjössi á Hamri sleit hana í sundur. Þetta var bráðónýtur ræfill — harmonikan nefnilega. (*Hlær með grátstaf í hálsinum*). Ójú, þú gerir það nú víst, Grímur minn, að koma fram með fiðluna þína. Það er svo leiðinlegt að hætta. (*Í sínum blíðasta rómi*). Þú gerir það, þegar ég bið þig svona vel. (*Grímur brosir örlítið*).

PÓRA

(*Alvarleg*). Þú veist, að hann má ekki reyna það á sig. Honum getur versnað.

GRÍMUR

(*Stendur á fætur. Alvarlegur*). Taktu kassann ofan af þilinu, Póra.

PÓRA

(*Lítur til hans spyrjandi*). Dettur þér í hug...?

GRÍMUR

Já. (*Lítur ekki til hennar*).

LILLA

(*Iðar af kæti*). Ég vissi, að þú myndir vera svo góður. Ég skal nú bera fiðluna, og ég skal láta fara vel um þig, svo að þú verðir ekki þreyttur.

*Lilla hoppar fram úr herberginu með fiðlukassann, Grímur staulast á eftir. Póra horfir á eftir honum.*

PÓRA

(*Óánægjusvipur á andliti hennar*). Þér verður kalt.

GRÍMUR

Þykir þér leiðinlegt, að ég fer?

PÓRA

Nei, nei, farðu bara, ef þú treystir þér til þess.

*Hann fer, lítur ekki til hennar. Þegar hann er horfinn fram úr dyrunum, sest Póra niður, byrgir andlitið í höndum sér og grætur.*

*Grímur dregur bogann nokkrum sinnum yfir strengina, og svo byrjar dansinn. Það eru ekki hversdagsleg danslög, sem hann leikur. Það eru myndir úr lífi hans, sem hann leiðir fram í tónum. Ýmist koma þeir þýðir og mjúkir; þeir strjúkast um eyru fólksins, og það stígur dansinn hægt, og handtökin verða hlý og mild. Svo koma ofsaprungin sog, eins og stunur stormsins. Stundum heyrast léttir hlátrar, stundum þungar dunur. Og fólkið hamast að dansa, æst og tryllt, eins og lífið liggir við. Enginn, sem þarna er, hefur heyrt neitt líkt þessu. Það æsir og seiðir, það laðar og lokkar, það hvíslar og biður, það hótar og kallar, það hlær og grætur.*

*Þar sem dimmast er stendur Póra og hlustar. En þegar dansinn stendur sem hæst, slær öllu í þögn. Grímur fleygir fiðlunni í rúmið við hliðina á sér. Jónsi og Lilla koma og þakka honum. Hann er fögur og varir hans titra, en hann mælir ekki orð.*

GRÍMUR

(*Stefnir að herberginu, en riðar í hverju spori. Svo snýr hann sér snögglega við og segir í köldum og hvellum rómi*). Ef þið minnst einhvern tíma þessa kvölds, þá getið þið sagt, að þið hafið dansað eftir hjartaslögum deyjandi manns.

*Hann hverfur inn í herbergið sitt; skimar eftir Þóru en hún sést hvergi. Jónsi og Lilla standa höggdofa. Ljós út.*

## KOSSAR

*Lilla fer til herbergis síns. Hún stendur við spegil og leysir hárið, mikið og fagurt, úr hnút í hnakknum. Jónsi gægist fram með vanganum á henni og horfir á hana með áfjádum augum.*

JÓNKI

*(Hvíslar titrandi röddu). Kossinn, sem þú lofaðir mér.*

LILLA

*(Hrekkur saman og vindur sér snögglega til hliðar). Nei, nei, ég meinti ekkert. — Góði, láttu mig nú vera.*

JÓNKI

*(Læsir sterkum örmum utan um hana og þrýstir henni að sér). Nei — þú verður að hlusta á mig. Þú sérð, að ég er að verða vitlaus af ást til þín. — Því ertu að leika þér að því að gera mig trylltan, fyrst þú vilt ekki sjá mig? (Tekur andköf af ákafanum).*

LILLA

*Sleptu mér. (Hrópar í gremju og angist). Þú kreistir mig í sundur.*

JÓNKI

*(Sleppir ósjálfrátt tökunum, en sársaukinn í rödd hans magnast). Því gekkstu framhá mér í nótt? Þú tókst mig aldrei, heldur einhverja aðra — og þú reyndir að gera þá alla vitlausa í þér.*

LILLA

*(Hlær storkandi). Er það nokkuð ljótt, — að vekja ást, ástin er falleg.*

JÓNKI

*(Verður hás af gremju). Er það ekki ljótt að baka öðrum kvöl? (Breiðir út faðminn og verður grátklökkur eins og lítið barn). Ó, elsku Lilla mín. Ég hef ekki annað en góðan og göfugan tilgang. Ég ætla að eiga þig og elska þig alla ævi.*

LILLA

*Færir sig út í hornið til þess að vera sem fjærst honum. Talar barnslega sakleysislega. Ég hugsaði, að allir piltar hefðu sama tilgang.*

JÓNKI

*Veit ekki, hvort hann á að taka þetta sem illgirnislegt skop eða hreinasta sakleysi. Hann talar varfænum orðum og verður mælskur af brennandi áhuga.*

Það er mikill munur á góðum og göfugum karlmönnum og hinum, sem ekki hugsa um annað en að fleka saklausar stúlkur.

*Lilla hlær hátt og lengi. Þá er Jónka öllum lokið og hann snýr frá, boginn og þunglamegur, eins og uppgefinn maður með byrði á baki.*

LILLA

*Horfir á eftir honum og hlátur hennar breytist í meðaumkun.*

*(Blíðlega). Jónki minn. (Hann lítur ekki við og gegnir ekki. Kjörandi). Ertu reiður við mig, Jónki minn?*

JÓNKI

*(Lítur snöggvast til hennar). Hvað viltu mér?*

LILLA

*Hleypur til hans og leggur hendur um háls honum.*

Aumingja — elsku — Jónki minn. Ég kenni svo mikið í brjósti um þig.

JÓNKI

*Ræður sér ekki fyrir gleði. Og hann dregur hana að sér með ofsakenndum ákafa. Nokkur augnablik heyrir ekkert nema sundurslitin ástarorð og kossar.*

Nú tek ég hönd þína til merkis um, að við séum trúlofuð.

*Hann tekur hægri hönd hennar, en þá er eins og henni verði hverft við og hún kippir að sér hendinni. Um leið verður þeim litið hvoru á annað. Svo faðmar hann hana að sér með sama ákafanum og áður, en á milli kossanna er varla andartaks hlé.*

Nú ertu mín um tíma og eilífð, elskan mín, hjartans vina mín.

*Hann ber hana í fanginu yfir að rúminu og ætlar að setja hana á kné sér. En það vill svo óheppilega til, að fiðlan hans Gríms liggur á rúmstokknum, einmitt þar sem Jónki sest, og hún þolir ekki þunga þeirra beggja, en brotnar í sundur. Strengirnir kveina ömurlega um leið og þeir bresta. [Tónlistin varir 2 til 4 mínútur].*

LILLA

Almáttugur! (Stekkur fram á mitt gólf).

JÓNKI

*Sópar brotunum rólega til hliðar. Á þessari stundu er hann ekki uppnæmur fyrir smámunum.*

Það er bara fiðlufjandinn.

*Tekur utan um Lillu og setur hana á kné sér. Hún hallast upp að honum hálfsljó og getur enga grein gert sér fyrir því, að hún skuli hafa trúlofast þessum manni. Í huga hennar er enginn fögnuður, heldur óljós kvíði og eftirsjá. — En nú er of seint að snúa við. Lampinn, sem stendur á skáp í einu horninu, er nú orðinn þurr. Ljosið ýmist blossar upp eða nærri hverfur. Það er eins og syfjaður maður, sem deplar augunum.*

LILLA

(Hvíslar). Ljosið er að deyja. (Reynir að standa á fætur).

JÓNKI

Það gerir ekkert, við sjáum til að kyssast fyrir því.

*Kyssir hana líklega þrítugasta kossinn um leið.*

## **BRÓÐIR OG SYSTIR**

*Klukka slær sex högg.*

ÞÓRA

Klukkan er sex. Ég hef þá ekkert sofið, því ég heyrði hálf tímaslagið fyrir stuttu. Samt hlýt ég að hafa sofnað, því ég man svo vel það, sem mig var að dreyma.

Mér þótti ég vera á leiðinni upp fjallið fyrir ofan bæinn í Hlíð. Ég leiddi Grím, og hann var orðinn lítill drengur, en ég vissi samt, að það var Grímur og enginn annar, sem ég leiddi. Og hann horfði á mig eins og hann gerði, þegar hann var að segja mér frá söng stjarnanna. Nú ætluðum við að leiðast upp á fjallið og hlusta. Umhverfis okkur var niðdimm nótt, og yfir okkur var himinninn heiður og alstirndur.

En svo fór að hrynja grjót úr klettunum, og fjallið var orðið svo hræðilega bratt. Þá dró hann hönd sína úr lófa mínum. „Ég fer ekki lengra“, sagði hann og hló þrjúskulega. „Ég er

orðinn svo þreyttur, og grjótið drepur okkur. Stjörnurnar geta ekki sungið. Ég vil ekki sjá þær. Himinn er eins og blái klúturinn þinn og stjörnurnar eins og hvítu droparnir“.

Og hann settist á stein og horfði á mig með járnköldu glotti, eins og hann gerði oft fyrstu dagana, sem hann var í Hlíð. En ég stóð þarna úrræðalaus og horfði á hann, og grjótið hrundi stöðugt úr klettunum umhverfis okkur.

*Þóra rís upp í rúminu. Það er drepið léttum höggum í þilið. Hún fleygir í skyndi yfir sig fötum og gengur inn í herbergið. Ljós upp á Grím sem liggur alklæddur ofan á uppbúnu rúminu, og hann heldur á stafnum, sem hann hafði seilst með fram í þilið.*

ÞÓRA

(Í fáti). Hvað er að? Hefurðu ekkert sofið? Ég hugsaði, að þú værir háttaður og sofnaður fyrir löngu.

GRÍMUR

Og ég hugsaði, að þú myndir líta hérna inn og bjóða mér góða nótt eins og þú ert vön. — Ég vonaði alltaf meðan ég heyrði, að þú varst á fótum. — Þú hefur verið sofnuð. — Ég hef vakið þig.

ÞÓRA

Það gerir ekkert. En þér er kalt. Þú verður að hátta undireins og hlúa að þér.

GRÍMUR

*Lítur til hennar með tárin í augunum.*

Ég þoli ekki að hræra mig. Kvölin er komin aftur og leggur undir síðuna. Ég verð að liggja hreyfingarlaus.

ÞÓRA

(Án ásökunar). Þú hefðir ekki átt fara fram að leika á fiðluna.

GRÍMUR

Ég mátti til — ég varð að kveðja fiðluna mína — og allt, sem ég — hef þráð — og notið. Þetta hefði komið, hvort sem var — degi fyrr eða síðar, það er sama. (*Stynur af sársauka*).

ÞÓRA

Á ég að gera bakstur?

GRÍMUR

Nei, vertu hérna hjá mér, ef þú ert ekki svo þreytt.

ÞÓRA

Ég er ekki þreytt.

*Hún dregur yfirsængina upp með þilinu og breiðir mjúklega yfir hann. Svo færir hún ferðakistuna að rúminu, sest á hana og tekur í hönd hans, sem liggur fram á rúmstokknum. Þögn.*

Líður þér ekkert betur?

GRÍMUR

(*Reynir að brosa*). Annaðhvort er þrautin minni eða þrótturinn meiri til að þola hana. (*Bætir við með hvíldum*). Ég skal segja þér nokkuð. — Ég hef tekið á öllu viljaafli mínu til þess — að gleyma þjáningunum og hugsa mér, að ég væri frískur. — Á kvöldin hef ég sagt við sjálfan mig: — Á morgun verður þú albata — og á morgnana hef ég hugsað: — Það verður í kvöld. —

Ég veit, að þetta er hægt — ef maður á nóga trú. Mér hefur oft fundist nú um tíma, að ég vera orðinn frískur — en ég á ekki nóga trú.

Í kvöld greip það mig með óbifanlegri vissu, að allt væri árangurslaust. — Þá kom yfir mig gamla örvæntingin — og svo þessi — ópolandi kvöl. — Þess vegna varð ég að kveðja. (*Þau takast í hendur*). Lestu eitthvað fyrir mig — ég er svo þreyttur. — Lestu nú Sólsetursljóð. — Svæfðu mig.

#### ÞÓRA

Vekur þú von  
og vekur þú bæn,  
er þú í ljóma  
líður af himni,  
aftur í ljóma  
upp að renna;  
þökk er og lofgjörð  
á þinni leið.

Hnig þú hóglega  
í hafskautið mjúka (*viknar, lítur til hans*)  
röðull rósfagur!  
og rís að morgni,  
frelsari, frjóvgari,  
fagur guðs dagur!  
Blessaður, blessandi,  
blíður röðull þýður.

*Hann er sofnaður. Andardrátturinn er snöggur, æðaslögin hröð og óregluleg. Hann er veikur. — Tárin streyma niður andlit hennar fölt og þreytulegt. Dagur ljómar í austri.*

#### TILHUGALÍF

##### LILLA

Skelfing er undarlegt að vera trúlofaður.

*Horfir á gullbauginn glóa á hendinni.*

Hann elskar mig, það er yndislegt að finna sig umvafða af ástúð og umhyggju mannsins, sem elskar mann og vakir yfir því hverja stund að uppfylla óskir mínar og létta af mér hverju erfiðni, sem hann getur. (*Lítur á silfurúrið*). Að hann skyldi gefa mér silfurúr!

Víst þykir mér vænt um hann; það getur ekki öðruvísi verið. Þegar hann er fjarverandi, þrái ég komu hans, og ef ég í ógáti segi eitthvað sem honum þykir miður, þá er ég ekki ánægð fyrr en ég er búin að gera gott úr því aftur.

En stundum — nokkuð oft — brýst fram kvíði. Nú má ég aldrei — aldrei framar verða skotin í öðrum. Ég má ekki brosa til annarra, ekki tala um, að þessi eða hinn sé laglegur. Stundum hef ég ekki gætt að því, og þá verður hann aldrei ánægður fyrr en ég er búin að benda á einhvern galla í útliti eða framkomu þess manns.

(*Brosir*). En þá verður hann líka svo ofsakátur og faðmar mig og kyssir, og ég verð alveg hissa á þessum blíðulátum.

Og þá er það oft, þegar hann hefur vafið mig að sér með brennandi ákafa... (*faðmar sjálfa sig og lygnir aftur augunum*) að hann segir við eyrað á mér: Þú ert mín um tíma og eilífð,

Lilla mín. Mín og einskis annars; mundu það, elskan mín. Og hann segir þetta með sannfæringarkrafti. Svo kyssir hann mig með nýsprötna skeggbrodda á vörnum þangað til mig sviður í munninn.

Alltaf eigum við að vera saman. Alltaf á mér að þykja hann fallegastur og skemmtilegastur af öllum — og hingað koma þó svo margir. Ég veit um pilta í kaupstaðnum, sem ég hef þekkt — suma nokkuð vel — og þeir eru miklu laglegri. (*Andvarpar*). Við verðum víst að vera út af fyrir okkur, svo við sjáum ekki marga.

Svo eru það börnin. — Þau verða að vera hjá okkur, og barnabörnin og tengdabörn, ættin öll lið fram af lið. Og svo slæðast máski einhverjir fleiri. Alltaf yrði Jónki í hælunum á mér að líta eftir því, að ég tali ekki við neinn og brosi ekki framan í neinn nema hann.

Nei, menn verða nú víst öðruvísi, þegar þangað yrði komið.

En ef Jónki dæi nú á undan mér og ég giftist svo aftur. Hann yrði sjálfsagt fallegur á svipinn yfir því. Kona sem ég heyrði um hafði verið þríf. En sá gauragangur, sem það hlaut að verða, þegar allt kæmi saman. (*Hlær upphátt að þessari hugsun*).

Það er vitlaust að brjóta heilann um þetta.

Undarlegt að vera komin að því að gifta sig; ég sem var oft búin að segja það, að ég ætlaði aldrei að giftast, því að giftar konur væru aumustu þrælar. Ég sagði það við hana mömmu mína, þegar hún var að eiga börnin á hverju ári. Ég var elsta barnið og þurfti að gæta þeirra yngri. Það var auma stríðið, argandi ungar, sem ötuðu fötin sín ef af þeim var litið og flugust á í illu, þegar þau komust á fót.

Að vísu hefur mér þótt vænt um þau, litlu greyin, síðan ég fór í burtu, en fegin varð ég, þegar ég slapp að heiman.

Ég ávitaði oft mömmu mína, þegar hún vissi að von var á einu barni í viðbót; en mamma svaraði því jafnan á þá leið, að guð réði því, hvað börnin yrðu mörg. Það er undarlegt, að guð skuli hruga börnum í sum kotin, þar sem hvorki er nægilegt til fæðis né fata handa þeim, en þar sem efnin eru nóg, er stundum fátt eða ekkert af börnum.

Allir stagast á móðurgleðinni í ræðum og ritum, en ég veit, að móðir mín hlýtur að hafa haft meiri skapraun og óþægindi, heldur en gleði og ánægju, af þessari sívaxandi ólátapvögu.

Og ekki var pabbi minn framúrskarandi glaður; oftast var hann önuþyngdur á heimilinu, bæði við mömmu og börnin. Samt bættist alltaf í hópinn; þetta hef ég aldrei skilið, en svona verður það víst að vera. Og nú er röðin komin að mér.

Allar þær þrautir og þjáningar sem mamma þurfti að ganga í gegnum. — Ég sé fyrir mér marga gargandi króa með nefið og augun hans Jónka. (*Fær kvíðahroll*). Ekki er það gleðiefni, en hjá því verður víst ekki komist; þetta fylgir hjónabandinu.

Ég man þegar ég talaði um þetta við Þóru.

*Gengur til vinstri á sviðinu þar sem Þóra er í eldhúsinu.*

LILLA

Heldurðu, að öllum hjónum þyki fjarskalega vænt hvoru um annað?

ÞÓRA

(*Brosir*). Ekki lítur það nú svo út fyrir manna sjónum.

LILLA

En í fyrstu...?

ÞÓRA

Ég er ekki fær um að dæma það.

LILLA

Heldurðu, að það fari ekki ævinlega illa, þegar öðru þykir ekki nógu vænt um hitt?

PÓRA

Það er sjálfsagt mikið undir því komið, í hvaða tilgangi það hefur gift sig.

LILLA

*Gengur framsviðs.*

Tilgangi. Ég veit ekki til, að ég hafi trúlofast í einum einasta tilgangi. Það kom svona, einhvern veginn áður en ég vissi af. — En Jónki, var einmitt þá að tala um, að hann hefði góðan og göfugan tilgang. (*Gengur til Þóru*).

Það voru einu sinni húshjón hjá pabba og mömmu. Og maðurinn var svo vondur við konuna, að hún grét nótt og nýtan dag. Hún sagði mömmu, að hann hefði byrjað að skamma sig daginn eftir brúðkaupið, en áður hefði hann verið eins og guðs engill. Finnst þér þetta ekki undarlegt?

PÓRA

(*Kuldalega*). Nokkuð svo. Ég held, að slíkt komi stundum fyrir.

LILLA

(*Hikandi*). Hefur — Margrét aldrei verið góð við Jón?

PÓRA

Spurðu hana sjálfa að því.

LILLA

En — heldurðu, að menn geti vel að því gert, hvort þeim þykir mikið eða lítið vænt um aðra?

PÓRA

(*Brosir viðkvæmt*). Nei, það held ég áreiðanlega ekki, Lilla mín. — Það er eins og sumir séu fyrirfram dæmdir til að vera vinir, en aðrir til að vera óvinir. Við mennirnir skiljum það ekki.

*Gengur burt úr eldhúsinu.*

LILLA

Hvað það er undarlegt að vera trúlofuð. (*Lítur á hringinn*).

### **SPURNARMERKIÐ**

*Grímur rís upp við koddann sinn og les. Þóra krýpur við ferðakistuna og leitar að bók sem hann hefur beðið hana að rétta sér. Hún rótar í bókum og blöðum en finnur ekki það, sem hún leitar að. Hún tekur nú stóran bókahlaða undan handraðanum og ætlar að skoða hann bók fyrir bók. Þá sér hún lítið veski, sem liggur niður á botni undir öllu. Hún opnar veskið ósjálfrátt. Í því er langur, ljósgulur hárlökkur, ekkert annað. Hún horfir á lokkinn um stund, og verður gripin af viðkvæmri sársaukakennnd.*

GRÍMUR

(*Með óþreyju*). Finnurðu ekki bókina?

PÓRA

Nei ekki ennþá.

*Lætur veskið á sama stað og áður og byrjar að raða bókunum ofan á það.*

GRÍMUR

(*Skipandi*). Þú mátt hætta að leita. Ég er sjálfsagt búinn að týna þessari bók. Hættu að leita.



*Póra lætur bókahlaðann þegjandi niður í kistuna og lokar henni. Svo sest hún við vinnu sína og hvorugt segir orð um stund.*

(Óþolinmóður). Hvað var það sem þú fannst í koffortinu áðan?

PÓRA

(Í fáti). Ég? Ekki neitt

GRÍMUR

Jú, víst fannstu eitthvað. Ég sá það undireins á svipnum á þér. Þú hefir fundið einhverja gamla synd; ég er umkringdur af gömlum syndum dag og nótt. Geturðu ekki sagt mér hvað það var? Er það svona ljótt?

PÓRA

(Lítur til hans með viðkvæmu brosi). Nei, það var ekki ljótt.

*Hún opnar kistuna á ný, tekur veskið og réttir honum það þegjandi. Hann virðir fyrir sér hárlokkinn um stund og strýkur honum í lófa sínum. Póra sest við vinnu sína en gefur honum auga við og við.*

GRÍMUR

Það er undarlegt; ég var búinn að gleyma þessum lokk og nú kemur hann eins og sólargeisli inn í myrkrið til mín. Er hann ekki eins og sólargeisli? (Réttir lokkinn í átt til Þóru).

PÓRA

(Mætir ekki augnaráði hans). Jú, hann er fallegur.

GRÍMUR

(Andvarpar og tár koma í augu hans). Aumingja Bogga.

PÓRA

(Lágt). Hún hefur verið ung og falleg.

GRÍMUR

(Hlær ertnishlátri). Þið eruð allar eins; þið óttist ekkert eins og ungar og fallegar konur. Ef kona hefði skapað heiminn, myndu allar konur hafa fæðst gamlar og ófríðar. (Póra lítur á hann og reynir að hlæja með, en í augum hennar blikar tár. Alvarlega). Nei, hún var ekki falleg. Hún var einhver ófríðasta stúlkan, sem ég hef séð og krypplingur í viðbót.

PÓRA

(Ásökun í tilliti hennar). Og samt gastu fengið af þér – –

GRÍMUR

Nei, ég tældi hana ekkert. Ef þessi lokkur verður reiknaður mér til syndar, þá er einkennileg reikningsfærslan þarna upp frá.

*Bros hans er beiskjublandið. Hún horfir á hann með efa í svip.*

PÓRA

Konur eru ekki vanar að gefa hár sitt öðrum en þeim, sem þær unna.

GRÍMUR

(Purrlega). Það er annað mál. (Þögn um stund). Ég ætla að skrifa, svo ég geti fengið fyrirgefningu.

PÓRA

Þú veist að ég hefi ekkert að fyrirgefa, hvernig svo sem þú hefir breytt.

GRÍMUR

Jæja þá, svo að þú getir dæmt. Konur eru fljótar að dæma.

ÞÓRA

*Brosir, gengur til hans og tekur í hönd hans.*

Verður tortryggni mín ekki fyrirgefin?

GRÍMUR

*Lykur hönd hennar í lófum sínum.*

*(Glettnislega)*. Ekki fyrr en mál mitt hefir verið rannsakað og dæmt.

ÞÓRA

*(Hægt og blíðlega)*. Ef ég dæmi þig vægar en aðrir, þá er það vegna þess, að ég þekki þig betur en þeir.

GRÍMUR

*(Í hálfum hljóðum og lítur ekki upp)*. En hvaða fyrirgefning hjálpar þeim, sem ekki getur fyrirgefið sjálfum sér.

ÞÓRA

*(Eftir dálitla þögn)*. Þú ætlaðir að segja mér söguna af þessum lokk.

GRÍMUR

*(Hrekkur við eins og af draumi)*. Já, það er satt, en þú verður að sitja hérna hjá rúminu; annars verð ég þreyttur að tala svo lengi.

*Þóra færir kistuna að rúmstokknum og sest á hana. Grímur réttir henni lokkinn og hún handleikur hann.*

Það eru vísitólft ár síðan. Ég var kennari á fátæku heimili uppi í sveit. Það var ekkert fólk á heimilinu nema miðaldra hjón, nokkur hálfstálpuð börn, sem ég var að kenna, og svo Ingi-Björg, vinnukonan. Hún var ævinlega kölluð Bogga. Þú getur varla ímyndað þér, hvað hún var ólagleg. Hún var lotin í herðum og öll liðamót voru hnýtt og bæklud. Andlitið var stórskorið, óslétt og ellilegt og samt var hún ekki nema rúmlega tvítug. Augun voru ljósblá og deyfðarleg og svipurinn einfeldningslegur. Þegar hún horfði á eitthvað, fannst mér augu hennar vera að spyrja eftir einhverju sem hún gæti ekki fundið. Og svo hvörfluðu þau ráðleysislega frá einu til annars.

Hún átti ekki skemmtilegt þarna, aumingja Bogga. Krakkarnir stríddu henni og hjónin hlógu að henni, einkum konan. Hún sagði oft en einu sinni í áheyrn Boggu, að hún væri viss um, að hún Bogga væri umskiptingur. Það var ekki hægt að sjá það á neinu, að Boggu mislíkaði neitt sem sagt var við hana; hún hló góðlátlega að öllu, og augu hennar störfðu spyrjandi út í bláinn, eins og þau vildu segja: Hvers vegna hefi ég verið látin í þennan undarlega heim?

Einu sinni um veturinn var ég að kenna krökkunum lestrarmerkin; þá gellur í yngstu stelpunni: „Spurnarmerkið er alveg eins og hún Bogga í laginu“. Ég man hvað við hlógum öll, Bogga líka. Krakkar eru oft svo ótrúlega næm að hitta á það rétta, þegar þau koma með líkingar. Hún var eins og spurnarmerki í laginu – og hún var eitt af þessum lifandi spurnarmerkjum tilverunnar.

Það var tvennt fallett, sem hún átti. Það var þetta langa, gullfagra hár, og það var skínandi fögur söngrodd. Á kvöldin, þegar ég var hættur að kenna, lék ég oft á fiðluna mína, því að mér leiddist á þessu heimili. Þá settist Bogga á kistil við rúmið mitt og söng með allt, sem ég lék, hvort sem hún kunni það eða ekki. Ég lék oft hugsmíðar mínar. Það var sama. Mér fannst

að sál hennar myndi vera eins og strengur, sem ómaði í samræmi við allt, sem streymdi gegnum huga minn á þessum stundum. Mér óx þróttur og hugarflug, þegar hljómpýða röddin hennar rann saman við hljóðfæraleik minn. Og aldrei held ég, að mér hafi tekist að láta strengina tala tilfinningamál mitt eins og þá, þegar hún sat við hlið mína, þessi ófríða, vanþroskaða stúlka. [Hér kæmi til greina að spila lágt bakgrunnstónlist af segulbandi: Fiðluleik – spuna - og sópransöng – textalausn].

Ef eitthvert kvöld leið svo, að hún var bundin annars staðar og gat ekki komið, þá leiddist mér og ég fleygði fiðlunni frá mér. Húsfreyjan sagði í skopi, að mig vantaði innblástur – og það var satt.

Það var sunnudagskvöld á útmánuðum. Ég ætlaði að fara morguninn eftir. Hjónin voru ekki heima og börnin voru úti að leika sér. Ég sat með fiðluna mína og var að dunda við að stilla strengina. Þá kom Bogga úr eldhúsinu. Hún settist í sitt vanasæti við rúmstokkinn og fór að greiða hárið sitt síða og bjarta. Þá lék ég lag, sem ég vissi, að henni þótti fallett, en hún söng ekki með, og ég vissi að henni leið eitthvað illa. Ég hætti að leika og horfði á hárið, sem flaut í gullnum bylgjum og huldi líkama hennar niður að sætinu. Vöxtur hennar sást ekki og andlitið ekki heldur, því að bæði snéri hún sér þannig, og svo hafði hún greitt hárið fram af höfðinu til að skipta því. Þá greip mig sú hugsun, að aldrei hafði ég talað til hennar vingjarnlegt orð. Stundum hafði ég bannað krökkunum að stríða henni þegar mér þótti úr hófi keyra, en stundum hafði ég líka hlegið að henni með hinu fólkinu. Nú langaði mig til að gleðja hana þegar ég vissi að hún var hrygg. Og ég strauk yfir fljótandi gullið, sem streymdi um herðar hennar og háls og sagði við hana:

„Ósköp er hárið þitt fallett, Ingibjörg mín. Það er eins og hárið á Helgu fögru. Sagan segir, að það hafi verið eins og gull – gullborið“.

Þá fór hún að hágráta og hljóp í burtu.

Kersknin og kuldinn, sem hún átti við að búa, hafði að líkindum stíflað tilfinningalíf hennar, eins og vetrarfrostin fjötra smálækina svo að þeir fá ekki framrás. Hljýjan, sem hún hafði aldrei áður mætt, kom eins og vorþýðan sem leysir klakaböndin af lækjunum, svo að þeir falla fram með ógnarþunga og brjóta hverja stíflu sem fyrir er.

Nokkru seinna fann ég hana útgrátna fyrir framan eldstóna. Hárið var úfið og ógreitt. Hún hafði gleymt að flétta það og sat nú þarna og horfði inn í deyjandi glæðurnar.

*Grímur blæs þungan og svitinn drýpur af enni hans. Þóra lýtur áfram og horfir í augu hans.*

#### ÞÓRA

Hún hefur elskað þig af allri sinni sál.

#### GRÍMUR

Ég fann sárt til þess að geta ekki endurgoldið þessa hreinu og einlægu ást. Hugur minn fylltist gremju yfir ranglæti tilverunnar, eða lífshöfundarins, að skapa þessi olnbogabörn sem einskis geta notið af gæðum lífsins, að skapa þau með brennandi þrá eftir því, sem þeim er varnað að njóta. Og mér komu í hug tröllin, sem bundu hendur konungsdætranna fyrir aftan bakið og létu kræsingar í kjöltu þeirra, svo að þær gætu horft á matinn meðan þær voru að deyja úr hungri. En á sömu stundu sagði ég: „Á himnum verða allir eins og englar guðs. Þá verður þú fallett en flestir aðrir, því að þú ert svo góð“.

Ég veit ekki, hvernig mér hefir dottið í hug að segja þetta. Finnst þér það ekki undarlegt, að trúlaus maður skyldi koma með þessi huggunarorð einmitt þegar hann var að gera upp-reist á móti guði almáttugum?

#### ÞÓRA

Nei, mér finnst það ekki undarlegt. Ef þú hefur farið að telja henni trú um það, að hún ætti jarðneska gæfu og gleði í vændum, þá myndir þú hafa fyrirhugað sjálfan þig fyrir að gabbba þennan fátæking. Ég veit að þú hefur aldrei séð eftir því sem þú sagðir við hana.

GRÍMUR

Nei, ég hefi aldrei séð eftir því. Það sætti mig að nokkru leyti við lífskjör hennar í bráðina, og ég hygg, að það hafi haft góð áhrif á hana.

ÞÓRA

Hvað sagði hún?

GRÍMUR

Hún sagði ekkert. Hún brosti gegnum tárin. Ég veit, að í sál hennar hefur ekki verið skuggi af efa. Hún hefur trúnað eins og barn því litla sem henni var kennt. Hún hefur ekki ásað neinn fyrir ranglæti; þess vegna gat hún oftast verið glöð.

ÞÓRA

Varð hún þá fljótt glöð aftur?

GRÍMUR

Ég sá hana ekki framar.

ÞÓRA

En hárlökkurinn?

GRÍMUR

Ég lánaði henni ljóðmæli Steingríms. Hún var stundum að lesa í þeim á sunnudögum. Þegar ég tók saman bækur mínar um morguninn, var Steingrímsbókin hjá þeim og þessi hárlökkur innan í henni.

ÞÓRA

*(Lágt og tárin renna niður vanga hennar).* Blessað barnið!

GRÍMUR

Ég kvaddi hana aldrei. Mér var sagt, að hún hefði fengið leyfi til að fara á næsta bæ um morguninn, og hún var ókomin þegar ég fór. Ég sendi henni ljóðmæli Steingríms með árituðu nafni hennar og kveðju frá mér. Og ég sá það á brosi konunnar, að henni þótti það í meira lagi tortryggilegt.

ÞÓRA

Hvar er þessi stúlka nú?

GRÍMUR

Hún er dái fyrir nokkrum árum.

ÞÓRA

Og þú sást hana aldrei framar?

GRÍMUR

*(Lágt svo varla heyrir).* Nei. *(Þögn um stund).*

ÞÓRA

*(Brosir blítt).* Mér finnst ég sjá hana. Hún hefur leynst einhvers staðar í skjóli og séð þig, þegar þú varst að fara. Hún hefur tekið mynd af þér í huga sínum og geymt hana til síðustu stundar. Ef til vill hefur hún hugsað með sér: Hann snýr aftur og segist ætla að vera hjá mér alla æfi; hann kemur í dag eða á morgun.

Hún hefur sungið allt, sem hún söng með þér, og lifað í huganum hvert atvik frá samverustundunum. Hún hefir orðið léttstígari en áður og hlátur hennar glaðari. Störfin hafa orðið léttari í höndum hennar og hún hefur unnið betur, því að henni hefur fundist þú horfa á sig meðan hún var að vinna. Og þegar hún fann að hún var aðframkomin, þá hefir hún hugsað: Þegar hann sér mig næst, verð ég fallegur engill og þá elskar hann mig.

Þetta er blessun hreinnar ástar. Hún knýr fram það besta í mannssálinni. Hún gerir mennina göfugri og sælli.

GRÍMUR

Eftir því ættu þá vonbrigðin, mistökin og allt þetta öngþveiti að vera nauðsynlegt til að þroska mennina.

ÞÓRA

Annars væri ekkert vit í því.

GRÍMUR

Ég er hræddur um, að sumum reynist það allt annað en þroskalyf.

ÞÓRA

Það er einmitt mælikvarðinn á gildi einstaklingsins, hvernig hann tekur gleði og sorg. Og það kemur betur í ljós eftir því sem reynslan hefir djúptækari áhrif á sálarlífið.

GRÍMUR

En þegar þeir taka reynslunni best, sem litlum gáfum eru gæddir, þeir, sem virðast fara alls á mis, en eru samt glaðir og þolinmóðir.

ÞÓRA

Þá eru þeir líklega á andlegri sigurför meðan hinir komast ekkert áleiðis. Manstu ekki eftir gömlu ævintýrunum um olnbogabörninn, sem sóttu eldinn og leystu kóngssyni úr álögum, þegar eftirlætisbörninn báru ekki annað úr bítum en örkuhl og ósigra.

GRÍMUR

*(Eftir stundarpögn)*. Það er líklega meiri sannleikur fólgin í mörgum þessum gömlu ævintýrum en í fljótu bragði virðist.

ÞÓRA

Þess vegna lifa þau á vörum þjóðanna öld eftir öld.

GRÍMUR

*(Augun tindra og ákafi í röddinni)*. Ég skal segja þér nokkuð. Ég hefi séð Ingibjörgu sálugu. Ég sá hana í vetur, þegar ég tók glasið – nóttina, þegar þú bjargaðir mér. Hún kom héra inn rétt á undan þér. Ég sá hana glöggt.

ÞÓRA

*(Innilega)*. Kærleikur hennar vakir yfir þér, þar sem hún er nú.

GRÍMUR

*(Brosir með tár í augum)*. Ég ætti ekkert að óttast, fyrst kærleikurinn vakir yfir mér bæði þar og hér.

## **HÚSFREYJAN**

*Það er komið fram á Einmánuð, og dagarnir eru orðnir langir. Kona í nágrenninu situr í baðstofuhúsinu hjá Margrétu. Jón sefur miðdegislúrinn. Margrét situr á sínu rúmi og bætir skó, hún gefur bónda sínum hornauga við og við*

AÐKOMUKONA

Hann mun vera eins, þessi mannaumingi. (*Andvarpar lítið eitt*).

MARGRÉT

Já, ég held það. Það er nú víst ekki eftir öðru að spyrja. (*Þögn. Þrjónaglamur*).

AÐKOMUKONA

(*Viðkvæmnislega*). Það er fallett af þóru að fórna sér fyrir þennan aumingja, sem engan á að. Það hefðu ekki allir gert í hennar sporum.

*Margrét er í svo miklum önnum, að hún svarar engu. Jón er vaknaður, hallast upp að höfðalaginu með stírnar í augunum. Ljós dofna á aðkomukonunni en skýrast á Jóni.*

MARGRÉT

(*Ekki laust við þykkju í rómnum*). Sefurðu ennþá, Jón?

JÓN

(*Vaggar höfðinu á koddanum í áttina til hennar*). Nei, ég er vaknaður.

MARGRÉT

Það eru mikil ósköp, sem þú getur sofið, ár og síð og alla tíð.

JÓN

(*Með sinni venjulegu geðprýði*). Ég er nú svona gerður.

MARGRÉT

Uss, það er bara vani. Menn venja sig á allskonar vitleysu og segjast vera svona gerðir. Ekki hefði ég tíma til að sofa svona hálfan daginn. (*Rær við vinnu sína af ákafanum. Jón sest fram- an á rúmstokkinn og geispar*). Nú verður þú að fara að gera eitthvað í þessu með manninn. (*Lítur hvasst til bónda síns*).

JÓN

(*Horfir vandræðalegur út í gluggann*). Manninn — hvaða —?

MARGRÉT

Hann Grím auðvitað. Ertu búinn að gleyma honum Grími, sem þú tókst sællar minningar?

JÓN

Ég sé ekki, að það sé hægt að gera annað við hann en að láta hann bíða dauðans hérna. Það verður líklega ekki svo langt hér eftir. (*Stendur á fætur og gerir sig líklegan til að fara*).

MARGRÉT

Það er nú ekki hægt að segja um þessháttar. Hann getur lifað lengi ennþá með þessari litlu umönnun, sem hann hefur. (*Brýnir röddina*). Og ég segi það, að ef þú ætlar að hafa hann hér á heimilinu einn dag fram yfir það sem þú lofaðir í haust, þá tek ég til minna ráða.

JÓN

(*Lágt og dræmt*). Það er nú hægra sagt en gert að losna við hann.

MARGRÉT

Já, það er ævinlega hægra að binda sér byrðar en að losna við þær aftur. En ég sé nú ekki, að hér sé annar vandinn en að segja oddvitanum, að þú takir hann ekki lengur en fram á sumar- daginn fyrsta. Það er ekki annar vandinn en að þora einu sinni að segja meiningu sína.

JÓN

(*Nærri því í hálfum hljóðum*). Þá fer Þóra líka.

MARGRÉT

Eins og hún megi þá ekki fara. Ég veit ekki betur en búið muni standast fyrir því. Hún hefur ekki unnið þau ósköp í vetur.

JÓN

*Snýr frá dyrunum, inn á mitt gólfíð, horfir beint í augu konu sinnar.*

(*Talsvert hærra en áður*). Nei, búið stenst ekki, ef hún heimtar allt, sem hún á í því.

MARGRÉT

*Stóreygð af undrun.*

(*Í lægri róm en venjulega*). Hvað átti hún eiginlega hjá þér?

JÓN

Hún átti helming alls búsins. Jörðina keypti ég af henni og borgaði hana árin, sem við bjuggum saman. Síðan hefur ekkert verið borgað.

MARGRÉT

Og þú skulir aldrei hafa borgað neitt af þessu. (*Sækir í sig veðrið og hvessir á hann augun, svo að hann hopar undan*). Það er mikill bölváður eymdarbúskapur á góðri jörð með litla ómegð. Það er til skammar að safna skuldum ár frá ári. (*Fleygir skónum á gólfíð og stendur á fætur, heit og æst*).

JÓN

*Eldrauður í andliti, það er gremju-vottur í röddinni.*

(*Svarar hægt og stillt*). Það hefur allt verið eins og þú vildir hafa það, byggingarnar, gestirnir og allt saman. Þú hefur ráðið því.

MARGRÉT

Það var orð á því gert, að þú værir ríkur. Ég vissi ekki betur en að ég þætti of lítilmótleg handa þér af því að ég var fátæk, en þetta eru þá ekkert nema skuldir, aumingjaháttur og úrræðaleysi. (*Hlær gremjulega*).

JÓN

(*Ákveðinn*). Þetta var það, sem þú vildir. (*Fer*).

*Margrét gengur nokkrum sinnum inn og fram gólfíð. Svo tekur hún skóna upp af gólfinu og gengur fram, hnakkakert og tíguleg, en í skapi hennar ólga sundurleitar tilfinningar.*

-----

MARGRÉT

*Jón sefur til hliðar, hrýtur til að byrja með. Margrét rís upp við dogg í rúmi sínu og lítur til Jóns. Horfir fram.*

Þetta var það, sem ég vildi. Ég þarf engum öðrum að kenna það, að ég hef lifað ástsnaudu og gleðivana heimilislífi og reynt að fylla þá vöntun með íburðarmiklu skrauti og gestakæti. (*Fer fram úr rúminu*). En ég fann oft sárt til þess, að þegar ég mætti gleðisvip og aðdáunaraugum gestanna, þá átti Þóra traust þeirra og vináttu.

Ef Jón hefði verið einn síns liðs, þá hefði allt farið betur. Mæðgurnar reyndu alltaf að ganga fram hjá mér, eins og ég væri ekki til. Jón, Jón, hann Jón, var alltaf viðkvæðið hjá þeim. Eins og Jón væri eitthvað yfirnáttúrlegt, eitthvað framúrskarandi merkilegt. Ég fékk óbeit á þessari endalausum Jónsmessu.

(*Brosir*). Þá gerði ég það til þess að skaprauna þeim að láta sem mér þætti ósköp mikið varið í Jónka. Kallaði stundum á hann inn í bú og gaf honum aukakaffi, þegar Jón var ekki við, til þess að hafa ánægjuna af því að sjá Þóru á gægjum í göngunum. En ég varð að hætta við það, því að Jónki var svo vitlaus að taka það öðruvísi. (*Klukkan slær fimm*).

Nú ætlar Þóra að knýja mig til þess að láta undan. Hún ætlar að láta Grím vera á heimilinu framvegis einmitt vegna þess, að hún veit, að ég vildi hann aldrei á heimilið. Hún ætlar að hafa það fyrir keyri á okkur, að hún á fé inni í búinu. Og Jón meinlaus og dáðlaus, eins og vant er. Nei, henni skal nú ekki verða kápan úr því klæðinu. Hann verður að fara, hvað sem það kostar; þó að hún taki hálfu búinu. Ég ætla ekki að láta undan í þetta skipti. (*Klæðir sig í betri föt og býr sig til ferðar. Gengur að bónda sínum og stuggar við honum*). Sefurðu ennþá, Jón?

JÓN

(*Rámur og syfjaður*). Já.

MARGRÉT

Leggðu á hestinn minn.

JÓN

Hvað er þetta? Hvað ætlarðu, manneskja?

MARGRÉT

Finna oddvitann, ef þú þorir það ekki. (*Jón liggur grafkyrr og segir ekkert*). Ætlarðu að klæða þig, eða á ég að vekja Jónka að leggja á hestinn?

JÓN

(*Í fátí*). Nei, nei. (*Fálmar eftir buxunum*).

MARGRÉT

Lilla getur skammtað morgunverðinn. (*Fer*).

## DEILUR

*Þóra er nýkomin inn í herbergið, frá þvotti, og hún sér undireins, þegar hún kemur inn, að Grími líður óvenjulega illa. Hann liggur í svitabaði og stynur við hvern andardrátt, og hann lítur ekki til Þóru eða reynir til að brosa, eins og hann gerir oftast, þegar hún er búin að vera eitthvað í burtu. Hún gengur að rúminu og strýkur svitadropana af enni hans með hreinum vasaklút.*

ÞÓRA

(*Blíðlega*). Þér líður illa núna.

GRÍMUR

Æ-nei. (*Hann lítur ekki upp*).

ÞÓRA

Á ég að færa þig eitthvað til?

GRÍMUR

(*Þurrlega*). Nei.

*Þóra skynjar þykkju hans til hennar. Hún skilur ekki hvað er að, tekur þegjandi þrjónana sína á borðinu og sest niður. Löng sársaukafull þögn.*

(*EKKI hlýlega*). Hvers vegna hefur þú látið þér svona annt um mig hingað til?

ÞÓRA



*Glöð yfir að samtalið sé byrjað.*

Ég held, að ég hafi kennt svo mikið í brjósti um þig af því að þú áttir engan að.

GRÍMUR

Nei, ég skal segja þér, hvað ég held um það. Þú hefur ætlað að reyna að gera mig góðan mann.

ÞÓRA

*(Brosir).* Ég hef oft sagt þér, að ég veit að þú ert góður maður.

GRÍMUR

Já, sagt. En þú veist, að ég er gallagripur. Enginn ætti að vita það betur en þú. Konur hafa svo mikla tilhneigingu til að bæta og endurbæta karlmennina og skapa þá eftir hugþótta sínum.

ÞÓRA

*(Alvarleg, grátklökk).* Þú vilt segja mér með þessu — að það — sem ég hef gert í vetur — hefði betur verið ógert.

GRÍMUR

*(Röddin bilar).* Ef ég hefði engan átt að hér í vetur — þá hefði ég einskis haft að sakna, þegar ég verð hrakinn héðan.

ÞÓRA

Hvað áttu við?

GRÍMUR

*Hann reynir hvað eftir annað að taka til máls. Loksins stamar hann fram með grátkæfðri rödd.*

Ég finn, að það er von að þú sért orðin þreytt — það er ósanngjarnt að ætlast til annars. En ég vonaði samt — að þér væri það ljúft — allt þetta stríð — vegna mín. Ég veit, að þetta er eigingjörn krafa. Þú hefur komið til mín, þegar ég kallaði á þig í huganum. Þú hefur leitað að óskum mínum — og létt byrði mína um helming. Mér finnst ég ekki geta dáíð — nema þú — hjálpir mér, lokir augum mínum — og fylgir mér í huganum — út í myrkrið.

*Hann grætur hástöfum eins og barn. Hún horfir á hann ráðþrota og skjálfandi af ótta og skilur hvorki upp né niður það, sem hann er að segja. Svo byrjar hann aftur að tala, og rómurinn er hærrí og skýrari en áður.*

Hvernig stendur á því, að þú skyldir aldrei minnst á þetta við mig — aldrei reyna að búa mig undir það, að ég mætti til að fara héðan?

ÞÓRA

*(Undrandi).* Hver hefur sagt þér þetta, að þú ættir að fara?

GRÍMUR

Ég heyrði, sagt áðan hérna frammi í baðstofunni, að nú væri oddvitinn kominn til þess að koma honum Grími héðan.

ÞÓRA

*Sprettur á fætur í geðshræringu, og svipur hennar verður allur annar.*

Nei, þetta hef ég ekki vitað. Þetta eru Margrétar ráð. Mér gat ekki dottið það í hug. Það hefur verið erindið að heiman í nótt. Ég hef ekki verið kvödd til þeirra mála, en nú skal ég taka til máls. *(Hún hverfur óvenju hratt fram. Fer inn í herbergið sitt).*

-----

*Ljós upp vinstra megin á sviði. Þorkell hreppsnefndaroddviti situr að kaffidrykkju í stofunni í Hlíð ásamt hjónunum. Jón er fremur fálátur, en Margrét leikur á alls oddi.*

MARGRÉT

*Hellir í bollana, hvern á fætur öðrum, og réttir gestinum diskana, kúfaða af sætabrauði.*  
Við höfum þetta þá svona, Þorkell minn. Þú talar um þetta við mannaumingjann, að hann verði að fara héðan um sumarmálin.

ÞORKELL

Já, ég skal tala við hann. Mér þykir líklegt, að hann geri enga kröfu til þess að vera hér lengur en lofað var. Þeir taka hann þá, sem þykir meðgjöfin hérna of há.

MARGRÉT

*(Roðnar af þykkju).* Hafa menn talað um það?

ÞORKELL

*(Brosir).* Ég man nú ekki eftir því, að ég hafi ráðstafað þurfamanni svo, að allir létu sér vel líka. Það er ekki þakklátt verk að vera fjárhaldsmaður almennings.

MARGRÉT

Þá er gott, að aðrir fái að vita, hvað fyrir honum þarf að hafa. *(Hrærir ört í bollanum sínum. Jón ekur sér í sætinu og lítur til Margrétar).*

ÞORKELL

*(Horfir gaumgæfilega á Jón).* Ég þarf líklega ekki að endurtaka það, sem ég sagði við konuna þína, að mér væri langkærast, að ekki hefði þurft að hrekja manninn héðan. Ég veit, að hann fær hvergi annan eins stað að öllu leyti. En það er sjálfsgot engin von. *(Jón horfir á tölurnar á vestinu sínu og gegnir ekki).*

MARGRÉT

Ég er búin að margsegja það, að ég vil hann ekki lengur hér. Þú verður að segja honum það líka, Jón. *(Lítur snögglega til bónda síns).*

JÓN

*Lítur í áttina til konu sinnar, svo á oddvitann og síðast út um gluggann.*

Það er ekki gaman að flytja hann hér eftir.

MARGRÉT

*(Hávær).* Ekki gaman! Mér hefur eiginlega aldrei fundist gaman að þessu. Það voru ekki mín ráð að taka hann, og mér hefur alltaf geðjast illa að honum. Ég veit ekki til, að hann hafi nokkru sinni látið í ljós þakklæti við mig eða aðra.

ÞORKELL

Þeim mun fegurra er kærleiksverkið, þegar það er unnið án þess að fá hrós eða þakklæti.

*Þorkell talar í sínum blíðasta rómi og horfir brosandí á húsfreyjuna. Svipur Margrétar mildast í sólskininu.*

MARGRÉT

*(Lágt og spaklega).* Það er þá best að lofa öðrum að gera samskonar kærleiksverk.

JÓN

*Jón skimar út um gluggann, eins og hann sjái eitthvað nýstárlegt.*

*(Hljómlausri röddu).* Það er nú Þóra, systir mín, sem mest hefur strítt við hann.

ÞORKELL

Og hún er nú líklega að verða þreytt.

JÓN

(*Dræmt*). Nei, ekki hefur hún nú kvartað um það.

MARGRÉT

Það er svo sem auðfundið, að þú vilt ekki sleppa manninum, Jón. Þú treystir þér líklega til að ábyrgjast afleiðingarnar. (*Stendur á fætur og fer að taka kaffiáhöldin af borðinu*).

JÓN

Mér finnst líka ábyrgðarhluti að hrekja hann úr húsunum, ef hann skyldi svo deyja á leiðinni eða undireins á eftir.

*Þóra kemur inn í stofuna. Hún horfir á þá, sem fyrir eru, alvarleg og einbeitt á svip. Þegar gesturinn hefur heilsað henni, tekur hún til máls, og er auðheyrt, að henni er mikið niðri fyrir.*

ÞÓRA

Ég verð að biðja ykkur að fyrirgefa, að ég kem hér inn og trufla samtal ykkar. Ég ætlaði aðeins að spyrja að því, hvort koma gestsins stæði nokkuð í sambandi við Grím Sveinsson?

*Hjónin líta hvort á annað og svara ekki.*

ÞORKELL

Já, ég kom einmitt í þeim tilgangi, að ráðstafa honum framvegis.

ÞÓRA

*Dauðapögn nokkur augnablik. Þá gengur Þóra nokkur skref inn eftir gólfinu. (Skýrt og ákveðið).* Þá er réttast, að ég láti ykkur öll vita það, að ég ætlast ekki til, að sveitin þurfi að borga meðlag hans, eða að sveitarstjórnin hlutist til um dvalarstaði hans.

*Allra augu stara á hana, en enginn gegnir fyrst í stað. Það er eins og öllum sé mest í mun að skoða þetta eins og heimskuhjal óvita barns.*

ÞORKELL

Sveitin er nú búin að borga meðlag hans fram að nýári.

ÞÓRA

Já, ég veit það, en þá skuld skal ég borga samstundis. (*Réttir oddvitanum seðlabunka*). Það er víst nálægt þessu. Þú getur talið það.

*Meðan Þorkell telur peningana, hálf utan við sig, glápa hjónin ýmist á Þóru eða hann.*

MARGRÉT

(*Hlær hátt og lengi*). Það er síst fyrir að synja, að mágkona mín sé höfðingleg.

ÞÓRA

*Dimmrauð í andliti, en talar ekki hærra en áður.*

Mér þykir leitt, að ég athugaði þetta ekki fyrir. Það hefði getað komið í veg fyrir það, að fárveikum manni yrði skapraunað, og þá hefði fjölskyldan hérna deilt vottalaust.

MARGRÉT

(*Röddin titrar af æsingi*). Mætti maður spyrja að því, hvar þú ætlar að hafa sjúklinginn framvegis?

ÞÓRA

(*Snýr sér að Jóni*). Var ekki húsið byggt fyrir fé móður okkar, Jón?

JÓN

(*Lágt og dræmt*). Jú, það minnir mig.

ÞÓRA

Þá á ég húsið hálf, því að eigum hennar hefur ekki ennþá verið skipt. Hinn helminginn selur þú mér, þegar við erum búin að gera upp reikninga okkar.

JÓN

Ég held, að þú eigir meira hjá mér en það.

ÞÓRA

Þá ætlast ég til, að Grímur verði hér það sem hann á eftir ólifað. Það verður líklega ekki svo langt hér eftir. — Fæði mitt og hans getið þið skrifað í reikning minn. Við getum gert hann upp, þegar ykkur sýnist. (*Lítur til Margrétar með hálf-hróðugu brosi og snýr til að fara*).

MARGRÉT

*Gengur í veg fyrir Þóru.*

(*Fokvond*). Svo að þú ætlar að láta hann vera hér áfram, þvert ofan í vilja minn. Þú ætlar að ganga gegnum baðstofuna með allt, sem borið er úr húsinu, allt fullt af sóttkveikjum. Ég vil ekki hafa það; ég fyrirbýð þér það. Við fáum enga manneskju í sumar þegar það fréttist að hér sé dauðvona maður. Allir verða hræddir við heimilið og það er þér að kenna.

ÞÓRA

(*Lítur til Jóns*). Ætlar þú að reka mig úr bænum? Ætlar þú að reka systur þína úr herberginu, sem hún móðir okkar lifði og dó í?

JÓN

*Hvarflar eirðarlaus aftur og fram.*

Nei, ég vil ekki að þú farir héðan. Þið verðið að jafna þetta með góðu hér eftir, eins og hingað til.

*Margrétu verður litið á gestinn. Hann glottir kímnislega. Hún hlær nístandi, gleðilausan hlátur.*

ÞORKELL

*Vill bæta fyrir brosið.*

Er ekki hægt að greiða úr þessu á einhvern hátt, svo að allir megi vel við una? (*Enginn gegnir*). Væri ekki hægt að gera aðrar dyr úr herberginu, svo að ekki þyrfti að ganga þaðan gegnum baðstofuna?

JÓN

Það kostaði nú eitthvað.

MARGRÉT

(*Stutt*). Ég held hún borgaði það.

ÞÓRA

(*Brosir hálf ertnislega*). Það verður auðvitað skrifað í reikninginn minn.

MARGRÉT

(*Kuldalega*). Hvað ætlar þú að vinna með þessari gjöf þinni, Þóra? Ekki hefur þú verið talin gjöful hingað til.

ÞÓRA

(*Klökk. Lágt*). Frið og gleði þakklætisins handa einni mannsál.

*Gengur föstum skrefum út úr stofunni og rakleitt inn í herbergið til Gríms. Ljós lækka á sviði vinstra megin en styrkjast hægra megin. Þykkjusvipurinn á Þóru er horfinn af andliti hennar þegar hún gengur að rúminu og horfir brosandí í augun, sem stara á hana með kvíðafullri eftirvæntingu.*

(*Blíðlega*). Þú þarft engu að kvíða. Þú verður hér á meðan þú þarft á að halda.

GRÍMUR

*Varpar öndinni, eins og bjargi sé létt af brjósti hans.*

(*Efins - feginn*). Hvað — hvernig gastu komið þessu til leiðar?

ÞÓRA

*Tekur báðum höndum um höndina, sem liggur máttvana og tærð ofan á sænginni. Ég borga fyrir breytingar á bænum og allan kostnað við veikindi þín. Ég á nógar eigur og meira en það.*

GRÍMUR

*Horfir orðlaus á hana um stund, eins og hann eigi bágt með að átta sig á þessu. Svo birtir yfir svip hans, og augun fá snöggvast skínandi ljóma. Og hann stamar í hálfum hljóðum meðan gleðitár streyma niður kinnarnar.*

Ég — finn engin orð til að þakka þér.

ÞÓRA

*Finnur sterkar gleðiöldur brjótast fram í huga sínum. Horfir í augu hans með þróttmiklu brosi.*

Veistu það, að ég hef daglega þakkað guði fyrir lífsstarfið sem hann gaf mér í vetur. Ævi mín var tómleg og tilbreytingalaus þangað til. Mér fannst ég aldrei hafa ástæðu til að þakka. Nú veit ég, að ein æðsta sælukenndin er fólgin í því að finna hvöt hjá sér til að þakka.

GRÍMUR

Og ég þá, sem aldrei hef kunnað að þakka. Ég hef verið eins og kenjótur krakki, sem heimtar allt, en þakkar ekkert. — Geturðu fyrirgefið mér það?

ÞÓRA

*Þrýstir hönd hans hlýtt milli handa sinna.*

Ég hef þekkt mæður, sem elskuðu mest óþekktu börnin. Þær gerðu sér í hugarlund, að í þeim byggi meira efni til þroska, heldur en hinum, sem voru hversdagsgæf og góðlynd. — Móðurástin er geisli af kærleika guðs, því að hún fyrirgefur allt. Ég get hugsað mér, að guð líti einnig svo á óþekku börnin sín, — að í þeim búi oft mestu möguleikarnir til andlegs þroska.

(*Ljós upp vinstra megin en niður hægra megin á sviði*).

ÞORKELL

*Er að kveðja hjónin á hlaðinu.*

Þetta fór allt betur en ég hafði búist við. Ég er mjög ánægður bæði vegna sveitarinnar og sjúklingsins.

MARGRÉT

Reyndar hafði ég búist við öðrum árangri af komu þinni.

*Ekki glöð, en vill þó ekki láta beinlínis þykkju í ljós.*

ÞORKELL

Það er dýrmætt fyrirheit, sem fylgir gestrisninni, húsfreyja góð: Gestur var ég og þér hýstuð mig.

*Sendir húsfreyju eitt af sínum blíðustu brosum um leið og hann veifar hattinum og bandar höfði til hennar í kveðjuskyni.*

MARGRÉT

*Verður ónotalega hverft við síðustu orðin, en harkar það af sér.*

(*Hvellum rómi*). Þú verður undireins að fá þér menn til að gera þessar dyr úr herberginu út í hlöðuna. Svo litlu vil ég þó ráða á heimilinu.

JÓN

*Horfir upp í loftið, eins og hann sé að gæta til veðurs.*

Það er verst, ef hann skyldi nú kólna meðan á því stæði.

MARGRÉT

(*Hranaleg*). Yss, það er engin hættu á því, þegar tíðin er svona góð. Ég vil, að húsinu verði lokað að innan fyrir sumardaginn fyrsta.

### VORKVEÐJUR

*Inn í herbergið til Gríms heyrast högg og dynkir. Það eru verkamenn að rífa niður baðstofustafninn, svo að hægt sé að gera dyr úr húsinu út í hlöðuna. Síðan á að hlaða vegginn aftur faðmslengd frá stafni og tjalda yfir þetta skot til bráðabirgða. Þóra hefur kosið sér að sofa þar meðan hún þarf að þjóna Grími. Á hliðarvegg hlöðunnar eru gamlar dyr síðan hún var geymsluskemma og nú er hægt að nota þær til útgöngu. Þóru er einkennilega órótt í skapi. Það er sambland af sigurgleði yfir því, að hafa komið fram vilja sínum, og gremju yfir því, að það er hún, bóndadóttirin, sem borin var til arfs að jörðinni hálfri, sem nú er neydd til að flytja út úr bænum í skemmuna, þar sem afi hennar og faðir geymdu reipin sín og reiðingana.*

ÞÓRA

*Lætur blómvönd í glasið á borðröndina við rúmið hans*

(*Brosandi*). Þetta er kveðja til þín frá vorinu.

GRÍMUR

(*Brosir veiklulega*). Ég held að haustið ætti heldur að senda mér kveðju. Ég er víst nær því.

ÞÓRA

(*Horfir á hann fast og alvarlega*). Nei, ég er viss um, að þú ert nærri vorinu, sem við þráum öll.

GRÍMUR

Má ég sjá blómin betur? (*Réttir höndina í áttina að borðinu. Lágt:*) Þau hafa orðið að fórna hálf-þroskuðu lífi til að gleðja mig.

*Hóstar við og við þungan og þurran hósta og tekur fyrir brjostið um leið. Moldin sáldrast inn um gisið þilið. Sólargeislinn er dökkgrá rönd af iðandi ögnum. Þóra gengur að glugganum og opnar hann.*

ÞÓRA

Þér fellur illa moldarrykið; þú hóstar meira en vant er.

## GRÍMUR

(Lágum rómi). Það er víst best, að venja sig við moldina.

*Raddir verkamannanna heyrast ekki lengur. Þeir hafa gengið burt til að matast.*

(Reynir að anda djúpt). Blessað vorloftið. Vorið hefur alltaf gert mig ölvaðan af gleði og þrá. Ef ég ætti nú þrótt til að teygja þangað til blóðið væri orðið heilbrigt og rautt. (*Þóra brosir angurbliðu brosi*). Þú mátt ekki taka því svo, að ég kvíði fyrir. Nei, ég kvíði ekki fyrir að deyja. Nú orðið hlakka ég oft til þess. Það greip mig svona – þessi milda angan – þessar mjúku raddir snertu taugar mínar.

*Þóra reynir hvað eftir annað að taka til máls, en orðin deyja ófædd. Hún sest við borðið og styður hönd undir kinn, og lokar augunum, svo að hann skuli ekki sjá tárin, sem vilja brjótast fram.*

(Undurlágt). Heyrðu, góða. Allt heldur áfram að lifa eins og verið hefir. Það sést engin breyting, þó að einn fari, einn gesturinn fari heim. Hlustaðu á andardrátt lífsins. Sólskríkjurnar syngja ástarljóð; þær eru að bera strá í hreiðrin sín. Og guð talar í læknum, eins og þegar þú varst lítil.

*Hún lítur á hann. Augu hans eru társtokkin; hann er rjóður af sóttþita og geðshræringu; í augunum blikja tvö stór tár. Það er friður og birta yfir svip hans. Hún krýpur við rúmstokkin og hallar höfðinu á koddann við vanga hans. Og hún leggur mjúklega handlegg sinn um háls honum og strýkur kinn hans og enni, meðan brjóst hennar bifast af ekka. Hann lætur hönd sína hvíla á herðum hennar, og hún finnur tár hans streyma niður með vanga sínum. Þau blandast saman við hennar tár og falla niður á koddann. Langa stund hvíla þau þannig. Þetta eru fyrstu blíðuatlot þeirra – fyrstu og síðustu. Það er tryggðarpantur, sem geymist einhversstaðar í vitund þeirra.*

## VEÐRABRIGÐI

*Margrét hefur sofið fram undir morgun; hún kemur alklædd inn í baðstofuna.*

### MARGRÉT

(Kvíðandi). Þóra. (Tekur í handlegg hennar).

*Það er kominn dagur. Birtan er gráleit og óviðfelldin og látlaus stormur næðir á þekjunni. Það er kalt í baðstofunni, og Þóra fer að skjálfa og titra, bæði af kulda og einhverjum óljósum geig.*

### ÞÓRA

(Í fátí). Hvað er að? Í guðanna bænum! Hvað er að?

### MARGRÉT

(Skjálfandi af kulda og hræðslu). Ég veit ekki, hvað við eigum að gera. Það er komin stórhrið; stormurinn næðir inn í húsið. Hann nötrar af kulda – hann Grímur. Ég er búin að láta olíuofninn inn, en það hefur ekkert að segja enn. Ég vaknaði of seint. Ég hugsaði að þú værir vakandi. Hvað eigum við að gera?

*Hún talar eins og þær hafi alltaf starfað í sameiningu og umhyggjunni fyrir sjúklingnum; hún talar eins og barn, sem er að sækja traust til þeirra fullorðnu.*

### ÞÓRA

(Kalt). Það var auðvitað, að svona myndi fara.

### MARGRÉT

(*Vekur Jónka*). Klæddu þig samstundis og hjálpaðu mér að breiða poka og reiðinga fyrir þil-stafninn. Sæktu svo menn á næstu bæina til þess að koma einhverri þaknefni yfir hlöðuna á meðan óveðrið stendur yfir.

*Þóra tekur yfirsængina sína og koddann og fer með það inn í herbergið til Gríms.*

## Á HEIMLEIÐ

*Grímur er fárveikur. Hann liggur í hitamóki og talar sundurlausar setningar í óráði. Svo koma hviður, þegar hann engist af krampakenndum hósta. Andlitið verður helblátt og blóðlitað slím rennur út fyrir varirnar. Þá lítur hann upp og horfir í kringum sig eins og hjálparlaust barn, sem beiðist vægðar. Þegar sárustu kvalahviðurnar eru afstaðnar, þá krýpur Þóra á kné og biður til guðs. Margrét kemur inn með fangið fullt af koddum og sængum.*

MARGRÉT

Við skulum hlúa að honum með þessu.

ÞÓRA

*Bandar með hendinni á mót.*

Það þarf ekki. Honum er ekki lengur kalt. (*Lítur til hennar köldu augnaráði*).

MARGRÉT

(*Full umhyggju*). Er ekki reynandi að kalla til lækni?

ÞÓRA

Til hvers væri það héðan af? (*Margrét gengur út*).

-----

*Óráðið Gríms vex, hann talar stundum fullum rómi eins og hann sé frískur, hlær kulda-hlátri. Bregður fyrir sig léttúðarglensi og klúryrðum. Þóra biður hljóðlega bænin.*

GRÍMUR

Mamma.

ÞÓRA

Þér líður ósköp illa núna.

*Hann heyrir ekki til hennar. Þóra hallar sér fram á borðið og hvílir höfuðið á handleggjunum. Margrét kemur inn með glóðheitt kaffi og fullan disk af brauði og setur á borðið fyrir framan hana. Margrét er föll og þreytuleg. Þóra lítur til hennar þakklátum augum. (Í hálfum hljóðum). Hefur þú vakað í alla nótt?*

MARGRÉT

Já, ég hefi lengst af setið hérna fyrir framan. Ég varð svo hrædd þegar ekkert heyrðist til hans lengur, en svo sá ég í gegnum þilið að hann svaf. Þá fór ég og hitaði þennan dropa. Mér datt í hug, að þér kæmi það vel.

ÞÓRA

Já, það var vel gert. Ég var einmitt að verða svo syfjuð.

MARGRÉT

*Horfir á sjúklinginn.*



(Undurlágt). Máske guð gefi, að hann frískist aftur.

#### PÓRA

(Full beiskju). Það væri ekki ólíklegt, eða hitt þó heldur eftir allt, sem á undan er gengið. Enda held ég, að hvorki hann eða aðrir óskuðu eftir því.

*Margrét tekur þegjandi tóman bollann og gengur snúðugt út. Eftir nokkra stund lítur Grímur upp. Hann lítur til Þóru og í augum hans er ekki vottur af óráði. Hann reynir að rétta höndina í átt til hennar.*

#### GRÍMUR

Þóra. (Hún beygir sig niður að honum. Hálf-brosandi). Nú er mér batnað. Mér hefur liðið svo illa.

#### PÓRA

(Með herping í hálsinum af klökkva). Það er gott að þér er batnað.

#### GRÍMUR

(Stamandi). Hvar er fiðlan mín? Mér sýnist hún vera horfin. (Þóra lítur undrandi á hann. Brosir blítt). Þeir sögðu að ég gæti fengið aðra betri.

#### PÓRA

Já, já, þú færð aðra miklu betri.

*Það er komið kvöld. Vitundarlíf Gríms er ekki lengur í líkamanum. Þóra er ein um að veita honum síðasta umbúnað. Hún vefur hann hreinu líni. Les blessunarorðin og signir yfir andlitið. Síðan breiðir hún yfir hvítan dúk og gengur burt riðandi fótum. Hún finnur vasabók Gríms, leggur hana á borðið.*

Hurðinni verður lokað á morgun eins og Margrét vildi.

### DAGBÓKIN

*Það er kominn dagur þegar Þóra vaknar.*

#### PÓRA

Nú er lífsstarfi mínu lokið, öllu, sem veitti mér gleði og knúði krafta mína til starfa. Hve glöð hefði ég ekki viljað fórna allri ævi minni til að hjúkra honum, þó hann hefði verið ósjálfbjarga aumingi.

*Jónki gengur blístrandir um gólf. Hann ætlar að gifta sig í dag. Diskaglamur berst úr eldhúsinu. Margrét þusar við Jón.*

Hafa allir gleymt því, að innan þessara veggja var maður í gær að berjast við dauðann og í dag er hann liðið lík? Hvers vegna eru mennirnir svona tilfinningalausir hver við annan? Geta ekki allir séð sjálfa sig í þessum sömu sporum? +

*Áður en Þóra veit af, er hún komin inn í herbergið, þar sem líkið liggur. Glugginn er opinn og tjaldið dregið fyrir að innan. Það blaktir til og frá í andvaranum, sem streymir inn, svo að ýmist er hálförökkvað eða bjart í herberginu. Hún stendur við rúmið, altekin af óhugnaðinum, sem grípur menn við það, að sjá stirðnaðan líkama innan í náhjúpnum. Dúkurinn fellur að andlitinu, svo að glögglega mótar fyrir djúpum og skýrum dráttunum. En birtan, sem ýmist kemur eða fer, lætur það taka á sig breytilegar myndir. Og kulið, sem kemur inn um gluggann, leggst um hana, eins og væri það andgustur dauðans sjálfs. Hún snýr hægt fram að dyrunum. Þá verður henni litið á bók, sem liggur á borðinu. Þetta er vasabók, sem*

*hún fann undir koddanum, þegar hún bjó um líkið. Hún tekur bókina og fer út úr herberginu.*

-----

*Að bæjarbaki er gömul húsatótt, löngu gróin þéttum grassverði. Fram hjá henni rennur bæjarlækurinn milli lágra bakka. Í tóttinni er skjól fyrir næðingnum. Þarna situr Þóra með vasabókina og blaðar í henni. Það eru „stemningar“, sem hann hefir skrifað.*

#### ÞÓRA

Ég hef skrölt á flutningsvagni eftir vondum vegi í allan dag. Á vagninum situr hálf-vitlaus strákur og stýrir öllu. Hann hlær og syngur laglausa heimsku, þegar vagninn skröltir, svo að mér finnst eins og verið sé að slíta bakið á mér í sundur. Stundum er hann að rugla einhverjar þvaðursögur úr sveitinni.

Ef til vill er hann að reyna að skemmta mér. Ef hann vissi hvernig mér er innanbrjósts, þá gerði hann það gustukaverk að þegja. (*Þögn*). Það er einkennilegt að vera kominn aftur í sveitina sem ég hefi ekki séð í þrjátíu og fimm ár. Það er eitthvað vinalegt við þennan fjalla-hring, sem ég man þó varla eftir að ég hafi séð áður.

#### RÖDD GRÍMS ÚR HLJÓÐKERFI

Hvað bíður mín hér? Ég veit það. Nei, ég veit það ekki. Vonaði ég eftir einhverju? Mér fannst, að eitthvað gott myndi bíða mín á þessum fallega bæ undir fjallshlíðinni, en mér finnst fólkið svo leiðinlegt, sem mest má vera. Konan er stór og glæsileg. Hún er svo stór, að hún sér ekkert nema sjálfa sig; að minnsta kosti sér hún mig ekki. Bóndinn er svo lítill, að hann er búinn að týna sjálfum sér og vinnumaðurinn er heimskur flautabyrill.

#### ÞÓRA

Þóra er hvorki gömul eða ung, falleg eða ljót. Það er allt hrætt við mig. Það forðast að verða á vegi mínum. Ja, ég veit ekki annars um þessa Þóru. Það er er eins og hún standi alltaf á verði yfir mér. Samt talar hún aldrei stakt orð. (*Brosir og hlær*). Andlitið á henni minnir mig á sálmaþók eða hugvekjur. Ég er alltaf á nálum, að hún fari að syngja eða prédika, þegar hún kemur inn til mín. Annars held ég að hún sé ekki svo vitlaus. (*Þögn, Þóra flettir bókinni*).

#### RÖDD GRÍMS

Þóra! Þegar ég er farinn, áttu að lesa þetta allt. Ég veit að þú gerir það. Þetta eru dagbókar-slitur frá ýmsum köflum ævi minnar. Ef til vill skilur þú þá betur sumt, sem þér hefir fundist óskiljanlegt.

Öll straumhvörf í skapgerð minni hafa orðið fyrir áhrif frá konum. Þegar ég var á áttunda árinu, varð ég ástfanginn af fulltíða konu. Og þegar ég var á átjándu árinu sá ég yngismey sem töfraði mig. Daga og vikur hugsaði ég ekki um annað en að þóknast augum hennar. Ég vissi, að skrýfðu lokkarnir, augnaráðið og brosið, sem ærðu mig, hafði oft verið athugað í speglinum í herberginu hennar. En samt fannst mér hún óviðjafnanleg.

Ég óskaði oft, að hún yrði fyrir einhverri ógæfu, yrði afhrak, svo að ég gæti tekið hana upp af götu minni og látið alla sjá, að ég elskaði hana. Stundum fékk ég að leiða hana, þegar hún vissi, að enginn sá til okkar. Þá horfði hún á mig með sínu blíðasta brosi og leyfði mér að halda lengi í höndina á sér, þegar ég kvaddi.

Einn daginn frétti ég að hún væri trúlofuð. Ég trúði því ekki fyrst. Ég var sannfærður um, að hjarta hennar tilheyrði mér einum. Um kvöldið sá ég hana á gangi með unnusta sínum, og þegar ég gekk framhjá þeim, brá hún hægri hendinni upp að vanganum. Þá sá ég hringinn;

hún ætlaðist víst til þess. Þá nótt var ég nærri því að brjálást, en hún hefir sjálfsagt ekki ætlast til þess.

Eftir það fór ég að leika mér að því sama og hún. Ég lék mér að því að vekja tilfinningar, sem ég átti ekki sjálfur. Ég gleymdi því stund og stund við sigra og ástir, að ást mín var afturgengin ófreskja, sem bjó friði og sakleysi banaráð.

#### ÞÓRA

Svo kynntist ég konu, sem var nokkrum árum eldri en ég. Hún heillaði huga minn, svo að ég gleymdi öllu öðru um stundarsakir. Við bjuggum saman í eitt ár. Fyrstu dagarnir voru himnaríki – þeir síðustu þvert á móti. Hún hefði viljað móta skapgerð mína, eins og myndhöggvarinn mótar leirinn. Þegar það tókst ekki, ofsótti hún mig með tárur og bænum. Ég gat ekki fullnægt þeim kröfum, sem hún gerði til ástar minnar og þakklætis. Ást mín drukknaði í táraflóði hennar. Og þakklætiskröfur hennar urðu mér viðbjóður. Sjálfsvirðingu mína drap ég með því, að ljúga því oft á dag, að ég dáðist að því, sem mér í raun og veru leiddist. Við skildum þegar árið var á enda.

-----

#### RÖDD GRÍMS

Enginn hefir þráð frelsið meira en ég. Enginn hatað fjötrana meira en ég. Og samt seldi ég frelsi mitt fyrir stundargleði og fjötraði mig við afleiðingarnar af flónsku minni.

#### ÞÓRA

Einu stundirnar, sem ég fann frið, voru þær, þegar strengir fiðlunnar minnar ómuðu í samræmi við dýpstu tilfinningar mínar. Þá var rödd útlagans að hrópa á heimkynni sín.

*Lýsing breytist. Tónlist: Ó, faðir ger mig blómstur blítt. Ljóskeila upp á Þóru þar sem hún stendur miðsviðs, horfir örlítið upp á við. Hún heldur á vasabókinni í hendinni, lyftir henni aðeins upp og horfir á bókina.*

Í fyrsta sinn sem við sáumst var ég að koma úr eldhúsinu, óhrein og illa til reika. (*Litur upp*). En þú varst snoturlega klæddur, og í viðmóti þínu og hreyfingum, þótt þú drægist áfram hálf ósjálfbjarga, var auðsær menningarbragurinn og sjálfstraustið, sem kemur af því að ferðast víða og vera með ókunnu fólki. Ég er sveitabarn, sem setið hefur á sömu þúfunni alla sína ævi, feimin og óframfærin.

Ég velti fyrir mér hvað væri að gerast bak við kuldagrímuna í andliti þínu: Friðlaus örvænting og ótti við dauðann? Reikningsskil eyddrar ævi? Þá reis sterk samúðaralda upp í sálu minni, hlýir straumar bárust út í hverja taug. Innilegur friður gagntók huga minn, allt annað gleymdist. „Ég ætla að verða systir hans“, hugsaði ég. „Guð minn góður, [*grætur*] hjálpaðu mér til að vera honum – góð – systir. (*Lokar augunum, tárin streyma, höfuðið hnígur, fær ekka, axlirnar hristast, hnígur saman*).

*Ljós hægt út.*

#### ENDIR